



Festi hf.
Ársreikningur samstæðunnar 2018

Festi hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	10
Efnahagsreikningur	11
Eiginfjárfirlit	12
Sjóðstreymisfirlit	13
Efnisyfirlit skýringa	14
Skýringar	15
Starfspáttayfirlit	42
Viðaukar - óendurskoðaðir:	
Ársfjórðungayfirlit	44
Stjórnarháttayfirlýsing	46
Ófjárhagslegar upplýsingar	50

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur Festi hf. („félagsins“) meginstarfsemi samstæðunnar felst í sölu eldsneytis, vöru og þjónustu til fyrirtækja, matvöru og tengdra vara, raftækjasölu og útleigu húsnæðis.

Kaup á dótturfélagi

Samkeppniseftirlitið samþykkti kaup félagsins á öllu hlutafé í Hlekk ehf. (sem þá hét Festi hf.) þann 30. júlí 2018. Við kaupin, sem háð voru tilteknum skilyrðum varð Hlekkur ehf. dótturfélag. Á hluthafafundi þann 25. september 2018 var samþykkt að breyta nafni móðurfélagsins, N1 hf., í Festi hf. en nafni dótturfélagsins Festi hf. var breytt í Hlekkur ehf.

Hlekkur ehf. og dótturfélög Hlekks reka matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Kr, Nóatúns og Kjarvals, raftækjaverslunina ELKO og vöruhóтелиð Bakkann. Yfirtökudagur var 1. september 2018. Markmið kaupanna er hagræðing í rekstri sem og að veita viðskiptavinum beggja félaga öflugri og betri þjónustu. Kaupverð var 25.102 m.kr. Þar sem hluti þess var greiddur með útgáfu nýrra hluta í Festi réðst endanlegt kaupverð af gengi hluta félagsins á yfirtökudegi. Viðskiptin leiddu til þess að fyrrum eigendur Hlekks ehf. eignuðust 24,1% hlutafjár í móðurfélaginu. Nánari upplýsingar um viðskiptin er að finna í skýringu 4 í ársreikningnum.

Breytingar á stjórn og stjórnarháttum

Á hluthafafundi sem haldin var 25. september 2018 var kjörin ný stjórn móðurfélagsins og samþykkt að breyta nafni þess úr N1 í Festi. Nýir stjórnarmenn eru Björgólfur Jóhannsson, Guðjón Karl Reynisson og Þórður Már Jóhannesson en Kristín Guðmundsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir sitja áfram í stjórn félagsins. Margrét var á stjórnarfundi í kjölfar hluthafafundarins endurkjörin sem formaður stjórnar en Þórður Már kjörinn varaformaður. Á hluthafafundinum var ný samkeppnisstefna fyrir félagið samþykkt í samræmi við 25. gr. sáttar félagsins við Samkeppniseftirlitið vegna fyrrgreindrar yfirtöku á Hlekk og dótturfélögum þess. Endurskoðuð starfskjarastefna var samþykkt og tillaga að reglum um tilnefningarnefnd í starfsreglum stjórnar. Sigrún Ragna Ólafsdóttir, Tryggvi Pálsson ásamt Þórði Má Jóhannessyni skipa tilnefningarnefnd.

Rekstur ársins 2018

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2018 námu 58.932 m.kr. (2017: 35.050) og hækkuðu um 70,4% milli ára. Rektrahagnaður fyrir afskriftir og matsbreytingar á árinu 2018 nam 4.628 m.kr. (2017: 3.535) og hækkaði um 30,9% milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 2.059 m.kr. (2017: 2.071), en heildarhagnaður ársins 2.092 m.kr. (2017: 1.990). Eigið fé félagsins í árslok var 25.970 m.kr. (2017: 13.812) að meðtöldu hlutafé að nafnverði 330 m.kr. Vísað er til eiginfjárfirlits um breytingar á eiginfjárreikningum á árinu. Eiginfjárlutfall félagsins í árslok var 33,4% (2017: 49,1%).

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknað í heilsársstörf var 1.724 á árinu 2018 (2017: 545).

Heildarfjöldi starfsmanna hjá samstæðunni var 1.724 í árslok 2018, 1.078 karlmenn og 646 konur. Forstjóri móðurfélags og framkvæmdastjórnar samstæðufélaga eru 6, 4 karlmenn og 2 konur.

Stjórn félagsins leggur til að engar arðgreiðslur verði á árinu 2019.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Hluthafar

Hluthafar félagsins í lok ársins voru 915, en þeir voru 1.158 í upphafi ársins. Tuttugu stærstu hluthafar félagsins í árslok eru:

Stefnir.....	11,2%
Lífeyrissjóður verslunarmanna.....	10,1%
Gildi - Lífeyrissjóður.....	8,9%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-, B- og S-deild.....	7,9%
Lansdowne IcaV Lansdowne Euro.....	6,1%
Birta Lífeyrissjóður.....	5,1%
Almennir Lífeyrissjóðurrinn.....	4,8%
Wellington.....	3,7%
Stapi Lífeyrissjóður.....	3,6%
Landsbréf.....	3,5%
Global Macro funds (Eaton).....	3,3%
Kvika banki hf.....	2,1%
Lífsværk Lífeyrissjóður.....	2,0%
Helgafell ehf.....	2,0%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.....	1,9%
Festa - Lífeyrissjóður.....	1,7%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.....	1,5%
Vátryggingafélag Íslands hf.....	1,5%
Brekka Retail ehf.....	1,3%
Brú Lífeyrissjóður starfs svei.....	1,2%

Hlutafé og samþykktir

Skráð hlutafé félagsins nam 330 m.kr. í lok ársins. Hækkun á árinu var 80 m.kr. Hlutaféð er allt í einum flokki og njóta allir hlutir sömu réttinda.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega til stjórnarinnar að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Samþykktum félagsins má einungis breyta með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á löglegum hluthafafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst.

Stjórnarhættir

Stjórn Festi hf. hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í endurskoðaðri útgáfu í maí 2015. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í viðaukanum *Stjórnarháttayfirlýsing* sem fylgir ársreikningnum. Í stjórn Festi hf. eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnar félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Festi hf. er eining tengd almannahagsmunum. Samkvæmt lögum um ársreikninga skal félagið veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, stefnu þess í mannréttindamálum, hvernig það spornar við spillingar- og mútumálum auk stuttrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins og fleira. Til að gera grein fyrir stöðu samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækisins hefur undanfarin ár verið gefin út GRI G4 „Core“ skýrsla um samfélagslega ábyrgð. Frá og með árinu 2018 var gefin út skýrsla um ófjárhagslega mælikvarða í samræmi við EGS viðmið Nasdaq. Útgáfa hennar er meðal annars til að Festi geti gert sér grein fyrir stöðu þessara mála hjá fyrirtækinu samkvæmt viðurkenndum stöðlum. Gerð er grein fyrir stefnu og árangri félagsins í þessum málum í viðauka um ófjárhagslega upplýsingagjöf með ársreikningnum.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótaskráir í lögum um ársreikninga þar sem við á.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glögga mynd af þróun og árangri í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Festi hf. hafa í dag fjallað um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja samstæðuársreikninginn.

Kópavogi, 27. febrúar 2019

Stjórn Festi hf.

Margrét Guðmundsdóttir
Formaður

Björgólfur Jóhannsson

Kristín Guðmundsdóttir

Guðjón Karl Reynisson

Þórður Már Jóhannesson

Forstjóri

Eggert Þór Kristófersson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Festi hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Festi hf. (samstæðan) fyrir árið 2018. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning þann 31. desember 2018, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2018, efnahag hennar 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga þar sem við á.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Festi hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Festi hf. fyrir árið 2018. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Viðbrögð endurskoðanda
--------------------------------	------------------------

Kaup á eignarhlut í Hlekk ehf. og útteiling kaupverðs

Þann 30. júlí 2018 samþykkti samkeppniseftirlitið kaup N1 hf. (hér eftir Festi hf.) á öllu hlutafé í Festi hf. (hér eftir Hlekkur ehf.) og tók Festi hf. yfir rekstur Hlekks ehf. þann 1. september 2018. Heildarkaupverð alls hlutafjár í Hlekk ehf. nam 25.102 millj.kr.

Samstæðan framkvæmdi kaupverðsútteilingu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla á yfirtökudegi eins og skýrt er frá í skýringu 4 í ársreikningi samstæðunnar. Samstæðan studdist við ytri sérfræðinga við framkvæmd kaupverðsútteilingarinnar.

Það er mat okkar að kaup Festi hf. á eignarhlut í Hlekk ehf. og útteiling kaupverðs sé lykilatriði við endurskoðun ársins þar sem fjárhagsleg áhrif kaupanna eru veruleg og veruleg matskennd atriði til staðar sem eru háð mati stjórnenda.

Lykilatriði sem kröfðust mats eru m.a.:

- Mat á viðeigandi forsendum við mat á einstaka eignum og skuldum
- Mat á vörumerkjum
- Útteiling viðskiptavildar á einstaka sjóðsskapandi einingar

Lögd var áhersla á eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði:

- Yfirfara kaupsamninginn og kynningar til hluthafa í tengslum við kaup á samstæðu Hlekks ehf. til að afla skilnings á viðskiptunum.
- Yfirfara, með aðkomu innri sérfræðinga, skýrslu frá stjórnendum þar sem útteiling kaupverðsins var rakin og rökstudd en skýrslan var útbúin með aðstoð ytri sérfræðinga.
- Yfirfara og leggja mat á aðferðafræði sem notuð var við útteilingu kaupverðsins á einstaka eignir og skuldir samstæðunnar.
- Meta hæfni og hlutlægni ytri sérfræðinga sem aðstoðuðu samstæðuna við framkvæmd á kaupverðsútteilingunni.
- Yfirfara niðurstöðu kaupverðsútteilingarinnar og lykilforsendur hennar. Í þeirri vinnu fólst m.a.
 - að yfirfara sjóðstreymisspár þar sem áhersla er lögð á mat á tekjum og rekstrarhagnaði fyrir afskriftir og fjármagnsliði (e. EBITDA)
 - að leggja mat á ávöxtunarkröfur
 - að leggja mat á þann framtíðarvöxt sem stjórnendur hafa gefið sér
 - að bera forsendur saman við ytri og innri gögn
 - að bera saman forsendur í útreikningum við samanburðar fyrirtæki ásamt því að gætt hefur verið að áhættunni um hlutlægni stjórnenda.
- Hvað varðar viðskiptavildina sem myndaðist við kaupverðsútteilinguna, þá var farið yfir rök stjórnenda fyrir því að ekki hafi verið fleiri aðgreinanlegar eignir til staðar við kaupverðsútteilinguna en tilgreindar voru og farið var yfir hvort fleiri sjóðsskapandi einingar væru til staðar, sem stjórnendur hefðu ekki greint.

Lagt var mat á hvort að skýringar í samstæðuársreikningnum væru viðeigandi og í samræmi við kröfur í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Virðismat fasteigna

Fasteignir samstæðunnar aðrar en fjárfestingarfasteignir eru færðar á endurmetnu kostnaðarverði eins og sjá má í skýringu 14 í samstæðuársreikningi og nam bókfært verð þeirra í árslok 2018 28.061 millj. kr. sem nemur um 36 % af heildareignum samstæðunnar.

Samstæðan fylgir innri verklagsreglu er viðkemur endurmati á fasteignum. Samkvæmt þeirri reglu skal framkvæma endurmat á fasteignum samstæðunnar ef vísbendingar eru um að munur milli gangvirðis og bókfærðs verðs fasteigna sé 20% eða meiri en þó eigi sjaldnar en á 5 ára fresti (sjá skýringu 14). Síðasta endurmat á fasteignum Festi hf. fór fram á árinu 2016 en endurmat fór fram á árinu 2018 á fasteignum sem tilheyra samstæðu Hlekks ehf. en þær fasteignir eru að fjárhæð 13.300 millj. kr. eða 47% af heildarfasteignum samstæðunnar.

Endurmetið kostnaðarverð fasteigna samstæðunnar er metið út frá sjóðstreymisgreiningu sem stjórnendur lögðu fram með aðstoð ytri sérfræðinga samstæðunnar.

Endurmat á fasteignum samstæðunnar er lykilatriði í endurskoðun þar sem virðismat þeirra er flókið og háð ýmsum forsendum sem stjórnendur gefa sér og eru fjárhagsleg áhrif á endurmatinu veruleg fyrir samstæðuársreikning Festi hf.

Fyrir fasteignir er tilheyra Festi hf. þar sem síðasta endurmat fasteigna fór fram árið 2016 var lögð áhersla á að kanna hvort vísbendingar væru til staðar um að munur milli gangvirðis og bókfærðs verðs fasteigna sé 20% eða meiri. Lögð var áhersla á eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði:

- Yfirfara með aðkomu innri sérfræðinga mat stjórnenda á breytingum á þeim þáttum sem hafa mest áhrif á gangvirði fasteigna í árslok 2018.
- Yfirfara forsendur fyrir breytingu á meðalávöxtunarkröfu fjármagns.
- Yfirfara breytingar á öðrum forsendum s.s. framlegð af eldsneytissölu, leiguverð á fasteignamarkaði og rekstrarkostnað fasteigna.

Fyrir fasteignir er tilheyra samstæðu Hlekks ehf. þar sem síðasta endurmat fasteigna fór fram árið 2018 var lögð áhersla á eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði:

- Yfirfara með aðkomu innri sérfræðinga og leggja mat á aðferðafræði sem notuð var við endurmat fasteigna en m.a. var kannað hvort sú aðferð sem samstæðan beitir sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og hvort aðferðin sé viðeigandi við mat á endurmetnu kostnaðarverði fasteigna.
- Meta hæfni og hlutlægni ytri sérfræðinga sem samstæðan notar við framkvæmd á endurmati fasteigna.
- Yfirfara niðurstöðu endurmats á fasteignum Hlekks ehf. og lykilforsendur hennar. Í þeirri vinnu fólst m.a.
 - að yfirfara sjóðstreymisspár þar sem áherslan er lögð á:
 - Leiguverð á fasteignamarkaði
 - Rekstrarkostnað fasteigna
 - að leggja mat á ávöxtunarkröfu
 - að leggja mat á þann framtíðarvöxt sem stjórnendur hafa gefið sér
 - að bera saman forsendur við ytri og innri gögn
 - að bera saman forsendur í útreikningi við samanburðar fyrirtæki ásamt því að gætt hefur verið að áhættunni um hlutlægni stjórnenda.

Lagt var mat á hvort að skýringar í samstæðuársreikningnum væru viðeigandi og í samræmi við kröfur í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu Festi hf. fyrir árið 2018

Aðrar upplýsingar eru upplýsingar sem er að finna í ársskýrslu Festi hf. fyrir árið 2018 aðrar en samstæðuársreikningurinn og áritun okkar á hann. Stjórn og stjórnendur eru ábyrg fyrir þessum öðrum upplýsingum. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við undirritun þessa álits en við væntum þess að fá ársskýrsluna síðar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til þessara annarra upplýsinga og við látum ekki í ljós álit af nokkru tagi á þeim upplýsingum.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa yfir þessar upplýsingar og íhuga hvort þessar aðrar upplýsingar stangast verulega á við samstæðuársreikninginn eða aðra vitneskju sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðist á einhvern annan hátt vera verulega rangfært.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga þar sem við á. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að meta rekstrarhæfi Festi hf. og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp félagið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnuð og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkjur vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkjur vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að reksturlegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.
- Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging samstæðuársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Við öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi samstæðunnar. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 27. febrúar 2019

Ingunn H. Hauksdóttir
löggiltur endurskoðandi
Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Sala	6.	58.931.554	34.608.441
Kostnaðarverð seldra vara	7.	(45.227.149)	(24.620.267)
Framlegð af vörusölu		13.704.405	9.988.173
 Aðrar rekstrartekjur		 776.058	 441.854
 Laun og annar starfsmannakostnaður	8.	 (6.531.706)	 (4.554.103)
Sölu­kostnaður	9.	(958.383)	(895.190)
Annar rekstrarkostnaður	10.	(2.362.614)	(1.445.369)
		(9.852.703)	(6.894.663)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og matsbreytingar		4.627.760	3.535.365
 Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	11.	 (1.398.806)	 (1.006.889)
Matsbreytingar fjárfestingarfasteigna	15.	(10.239)	0
Rekstrarhagnaður		3.218.715	2.528.476
 Fjármunatekjur	16.	 151.968	 91.215
Fjármagnsgjöld	16.	(1.155.881)	(398.352)
Gengismunur		72.634	23.334
Áhrif hlutdeildarféлага	17.	204.875	274.905
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	16.	(15.796)	4.115
		(742.200)	(4.783)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		2.476.515	2.523.693
 Tekjuskattur	18	 (417.846)	 (452.726)
Hagnaður ársins		2.058.669	2.070.967
 Önnur heildarafkoma			
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé			
en kunna síðar að verða færðir í rekstrarreikning:			
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags		33.297	11.092
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé			
og verða ekki færðir í rekstrarreikning:			
Endurmat rekstrarfjármuna (bakfært)	14.	0	(115.288)
Tekjuskattur af endurmati rekstrarfjármuna		0	23.058
Önnur heildarafkoma samtals		33.297	(81.139)
 Heildarafkoma ársins		2.091.967	1.989.828
 Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum	24.	 7,44	 8,28

Skýringar á blaðsíðum 15 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Eignir			
Viðskiptavild	12.	14.070.463	0
Aðrar óefnislegar eignir	13.	4.504.012	214.987
Rekstrarfjármunir	14.	32.418.877	16.940.226
Fjárfestingarfasteignir	15.	8.751.774	0
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	17.	2.079.666	1.839.908
Verðbréfaeign		66.838	136.582
Fastafjármunir		61.891.630	19.131.704
 Birgðir	7.	7.616.386	2.840.403
Viðskiptakröfur	6.	3.718.347	2.747.377
Aðrar skammtímakröfur	16.	305.786	136.852
Handbært fé		4.266.925	2.800.082
Veltufjármunir		15.907.443	8.524.714
 Eignir samtals		77.799.073	27.656.418
 Eigið fé			
Hlutfé		329.574	250.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár		13.140.383	3.153.857
Annað bundið eigið fé		5.258.048	4.131.579
Óráðstafað eigið fé		7.241.841	6.276.344
Eigið fé		25.969.846	13.811.779
 Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	16.	33.593.033	8.000.000
Tekjuskattsskuldbinding	18.	3.938.773	1.484.715
Langtímaskuldir		37.531.807	9.484.715
 Tekjuskattur til greiðslu		595.668	444.276
Aðrar skuldir við hið opinbera	16.	2.306.564	2.058.077
Skuldir við lánastofnanir	16.	3.720.530	0
Viðskiptaskuldir		5.654.412	1.180.125
Aðrar skammtímaskuldir	16.	2.020.246	677.446
Skammtímaskuldir		14.297.421	4.359.924
 Skuldir samtals		51.829.227	13.844.639
 Eigið fé og skuldir samtals		77.799.073	27.656.418

Skýringar á blaðsíðum 15 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Eiginfjáryfirlit árið 2018

		Annað bundið eigið fé						
		Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óinnleystur hagnaður dóttur- og hlut- deildarfélaga	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Árið 2018								
Eigið fé 1.1.2018	250.000	3.153.857	62.500	3.846.730	376.856	(154.490)	6.276.325	13.811.779
Lagt í lögbundinn varasjóð			19.893				(19.893)	0
Heildarhagnaður ársins						33.297	2.058.669	2.091.967
Bundið vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga					1.265.703		(1.265.703)	0
Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags				(34.683)			34.683	0
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna				(157.760)			157.760	0
	250.000	3.153.857	82.393	3.654.286	1.642.560	(121.193)	7.241.841	15.903.745
Viðskipti við hluthafa:								
Hækkun hlutafjár	79.574	9.986.526						10.066.100
Eigið fé 31.12.2018	329.574	13.140.383	82.393	3.654.286	1.642.560	(121.193)	7.241.841	25.969.846
Annað bundið eigið fé samtals						5.258.047		
Árið 2017								
Eigið fé 1.1.2017	250.000	3.153.857	62.500	4.122.522	295.951	(165.582)	4.852.702	12.571.949
Heildarafkoma ársins				(92.231)		11.092	2.070.967	1.989.828
Bundið vegna hlutdeildarfélaga					80.905		(80.905)	0
Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags				(23.725)			23.725	0
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna				(159.836)			159.836	0
	250.000	3.153.857	62.500	3.846.730	376.856	(154.490)	7.026.325	14.561.778
Viðskipti við hluthafa:								
Greiddur arður til hluthafa (3,0 kr. á hlut)							(750.000)	(750.000)
Eigið fé 31.12.2017	250.000	3.153.857	62.500	3.846.730	376.856	(154.490)	6.276.325	13.811.779
Annað bundið eigið fé samtals						4.131.596		

Skýringar á blaðsíðum 15 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði		4.627.760	3.535.365
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		(38.352)	(66.727)
Fyrirfram innheimtar tekjur		0	(20.141)
		<u>4.589.407</u>	<u>3.448.497</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		(1.614.020)	186.349
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur (hækkun)		(656.780)	(335.170)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir hækkun (lækkun)		762.137	(449.144)
Skammtímaskuldir við lánastofnanir, breyting		2.000.000	0
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>491.337</u>	<u>(597.965)</u>
Innborgaðar vaxtatekjur		161.674	73.274
Greidd vaxtagjöld skammtímaskulda		(350.139)	(35.650)
Greiddur tekjuskattur		(578.665)	(512.383)
Handbært fé frá rekstri		<u>4.313.616</u>	<u>2.375.790</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaup á dótturfélagi að frádregnu yfirteknu handbæru fé		(12.261.852)	0
Keyptar óefnislegar eignir		(113.377)	(9.601)
Keyptir rekstrarfjármunir		(1.571.285)	(2.515.808)
Seldir rekstrarfjármunir		98.729	63.276
Kaup/viðbætur fjárfestingarfasteigna		(30.513)	0
Móttekinn arður		120.000	194.000
Seldir eignarhlutir í félögum		24.253	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(13.734.044)</u>	<u>(2.268.133)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		0	(750.000)
Afborganir langtímaskulda		(8.714.644)	0
Tekin ný langtímalán		20.057.500	1.500.000
Greidd vaxtagjöld langtímaskulda		(488.509)	(357.399)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>10.854.347</u>	<u>392.601</u>
Hækkun á handbæru fé		1.433.919	500.258
Gengismunur af handbæru fé		32.924	33.390
Handbært fé í ársbyrjun		<u>2.800.082</u>	<u>2.266.435</u>
Handbært fé í árslok		<u>4.266.925</u>	<u>2.800.082</u>
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í dótturfélagi	(	10.066.100)	0
Selt hlutafé		10.066.100	0

Skýringar á blaðsíðum 15 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Skýringar samstæðunnar

Skýr.	Bls.
1 Starfsemi samstæðunnar.....	15
2 Grundvöllur reikningsskilanna.....	15
3 Samstæðufélög.....	16
4 Kaup á dótturfélagi.....	17
5 Starfspáttayfirlit.....	20
6 Rekstrartekjur og viðskiptakröfur.....	21
7 Kostnaðarverð seldra vara og birgðir í árslok.....	23
8 Laun og annar starfsmannakostnaður.....	24
9 Sölu­kostnaður.....	24
10 Annar rekstrarkostnaður.....	24
11 Afskriftir.....	25
12 Viðskiptavild.....	25
13 Aðrar óefnislegar eignir.....	25
14 Rekstrarfjármunir.....	26
15 Fjárfestingar­fasteignir.....	29
16 Fjármálagerningar.....	29
17 Hlutdeildar­félög.....	35
18 Tekjuskattur.....	37
19 Eigið fé og eigin­fjárstýring.....	37
20 Tengdir aðilar.....	38
21 Áhættustýring.....	39
22 Ákvörðun gangvirðis.....	40
23 Kennitölur.....	41
24 Hagnaður á hlut.....	41
25 Nýir reikningsskilastaðlar sem ekki hafa tekið gildi.....	25
26 Önnur mál.....	25

Skýringar

1. Starfsemi samstæðunnar

Festi hf. („félagið“, áður „N1 hf.“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Meginstarfsemi samstæðunnar felst í sölu eldsneytis, vöru og þjónustu til fyrirtækja, matvöru og tengdra vara, raftækjasölu og útleigu húsnæðis. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess. Vísað er til ofangreindra félaga í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Framsetning reikningsskilaðferða og annarra skýringa

Upplýsingar um reikningsskilaðferðir eru settar fram í sömu skýringum og viðkomandi liðir. Stjórnendur telja að sú framsetning gefi skýrari mynd og betra samhengi sé milli reikningsskilaðferða og fjárhagsupplýsinga. Eftir því sem við á eru því skýringar sem tengjast bæði rekstrarreikningi og efnahagreiðningi birtar samhliða, svo sem tekjur af vörusölu og viðskiptakröfur annars vegar og gjaldfærður tekjuskattur og frestaður tekjuskattur hins vegar.

Yfirlit um áhættustýringu félagsins er sýnt í sérstökum kafla (sjá skýringu 21). Eftir því sem við á eru tilvísanir milli skýringa um einstaka liði og skýringa um áhættustýringu er varða sömu liði. Í ársreikningnum er leitast við að lýsa reikningsskilaðferðum með greinargóðum hætti og skýru orðalagi fremur en að endurtaka orðrétt tilteknar greinar alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Eftirfarandi reikningsskilastaðlar skipta mestu máli fyrir samstæðuna:

Liður	Skýringar	Staðall
Tekjur af sölu á vörum og þjónustu	Skýring 6. <i>Rekstrartekjur og viðskiptakröfur</i>	IFRS 15
Starfsþættir	Skýring 5. <i>Starfsþáttayfirlit</i>	IFRS 8
Ákvörðun gangvirkis fasteigna og fjárfestingarfasteigna	Skýring 14. Rekstrafjármunir	IFRS 13
Virðispróf	Skýring 12. Viðskiptavild	IAS 36
Kaupverðsútteiling	Skýring 4. Kaup á dótturfélagi	IFRS 3

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum í lögum um ársreikninga þar sem við á.

Stjórn Festi hf. samþykkti samstæðuársreikninginn 27. febrúar 2019.

Breyting á flokkun rekstrarkostnaðar

Í kjölfar kaupa á Hlekk hefur flokkun tiltekinna rekstrargjalda verið breytt. Breytt framsetning er til að samræma flokkun rekstrargjalda í samstæðunni. Samanburðafjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun en breytingin hefur engin áhrif á afkomu samstæðunnar, eignir, skuldir, eigið fé eða sjóðstreymi. Veigamesta breytingin er sú að dreifingakostnaður er færður til gjalda meðal kostnaðarverðs seldra vara en var áður færður meðal sölu- og dreifingakostnaðar.

Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að fjárfestingarfasteignir, verðbréfaeign og afleiðusamningar eru færð á gangvirkði. Þá eru fasteignir færðar á endurmetnu kostnaðarverði.

Skýringar, frh.:

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.:

Framsetningar- og starfsrækslumiðill

Samstæðuársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK) sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa metið rekstrarhæfi samstæðunnar. Það er mat þeirra að áframhaldandi rekstur hennar sé tryggður og hún vel í stakk búin til að mæta skuldbindingum sínum í fjárféðanlegri framtíð. Ársreikningurinn er því settur fram miðað við áframhaldandi starfsemi.

Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Greint er frá matsóvissu, eftir því sem við á, í skýringum um einstaka liði reikningsskilanna. Eftirfarandi tafla sýnir hvar fjallað er um þá liði reikningsskilanna sem einna helst eru háðir óvissu um mat.

Matsóvissa

Skýring

Ákvörðun gangvirðis endurmetinna rekstrarfjármuna, nýtingartími rekstrarfjármuna og niðurlagsverð.

14. Rekstrarfjármunir

Virði viðskiptavildar og annarra óefnislegra eigna

12. Viðskiptavild

Ákvörðun gangvirðis fjárfestingarfasteigna.

15. Fjárfestingarfasteignir

Niðurfærsla (virðisrýrnun) viðskiptakrafna.

6. Rekstrartekjur og viðskiptakröfur

3. Samstæðufélög

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar ef samstæðan ber áhættu og réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku sinnar í félaginu og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinninginn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Stöður og viðskipti og allar óinnleystar tekjur og gjöld milli félaga innan samstæðu eru felld út við gerð samstæðureikningsskilanna.

Félög í samstæðunni

Samstæðuársreikningurinn innifelur eftirfarandi félög. Öll dótturfélög eru beint eða óbeint að fullu í eigu móðurfélagsins Festi. Í skýringu 4 er gerð grein fyrir kaupum á á árinu 2018.

Skýringar, frh.:

3. Samstæðufélög, frh.:

Félag	Starfsemi
Festi hf.	Festi er eignarhaldsfélag sem sérhæfir sig í rekstri félaga sem eru leiðandi í smásölu og sölu á eldsneyti á Íslandi. Hlutverk Festi er að veita rekstrarfélögum stuðning við að uppfylla kröfur viðskiptavina þannig að þau geti áfram verið í farabroddi í þjónustu- og vöruframboði um land allt. Festi leggur rekstrarfélögum sínum til stoðþjónustu m.a. á sviði fjármála, reksturs og viðskiptaþróunar.
.....Ego ehf.	Ego ehf. er fjárfestingafélag til að halda utan um fjárfestingar félagsins og næstu skref í framþróun þess.
.....Hlekkur ehf.	Hlekkur ehf. er eignarhaldsfélag sem sérhæfir sig í fjárfestingum í verslunarfyrirtækjum og öðrum félögum sem tengjast verslunarrekstri.
.....Krónan ehf.	Krónan ehf. er verslunarfyrirtæki sem starfar á dagvöruverslunarmarkaði á Íslandi. Fyrirtækið starfrækir verslanir á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni undir merkjum Krónunnar, Kr, Kjarvals og Nóatún.
.....Elko ehf.	Starfsemi félagsins felst í sölu á heimilistækjum og raftækjum í sérverslunum. Fyrirtækið starfrækir verslanir á höfuðborgarsvæðinu og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, auk þess sem félagið er með vefverslun.
.....Festi fasteignir ehf.	Starfsemi félagsins felst í útleigu á atvinnuhúsnæði.
.....Bakinn vöruhótel ehf.	Bakinn vöruhótel ehf. sérhæfir sig í vöruhýsingu, pökkun, vörumerkingu, afgreiðslu og dreifingu á vörum fyrir viðskiptavinum sem kjósa að úthýsa sinni vöruhúsastarfsemi að einhverju eða öllu leyti.

4. Kaup á dótturfélagi

Þann 30. júlí 2018 samþykkti samkeppniseftirlitið kaup N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf. með tilteknum skilyrðum. Festi (sem nú heitir Hlekkur) rekur matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Kr, Nóatúns og Kjarvals, raftækjaverslunina ELKO og vöruhótelið Bakkann. Yfirtökudagur var 1. september 2018 og er rekstur þessara félaga meðtalinn í þessum samstæðuársreikningi frá og með þeim degi. Í september var nafni móðurfélagsins breytt úr N1 í Festi en nafni dótturfélagsins Festi var breytt í Hlekkur og eru ný heiti félaganna notuð hér eftir í skýringunni.

Á tímabilinu frá yfirtökudegi til ársloka námu tekjur Hlekks og dótturfélaga þess samtals 15.422 m.kr. EBITDA sömu félaga var 1.148 m.kr.

Markmið kaupanna er hagræðing í rekstri sem og að veita viðskiptavinum beggja félaga öflugri og betri þjónustu, en miklar breytingar hafa orðið og munu áfram verða á þeim mörkuðum sem þessi fyrirtæki starfa á. Árleg samlegðaráhrif af sameiningu Festi og Hlekks munu verða á bilinu 500 - 600 m.kr. þegar þau verða að fullu komin fram 12 - 18 mánuðum eftir yfirtökuna.

Skilyrði samkeppniseftirlitsins

Helstu skilyrði samkeppniseftirlitsins vegna kaupanna eru sem hér segir:

1. Aukið aðgengi nýrra endurseljenda að fjótandi eldsneyti í heildsölu.
2. Aukið aðgengi að þjónustu hjá Olíudreifingu ehf.
3. Sala á fimm sjálfafgreiðslustöðvum til nýrra, óháðra aðila á eldsneytismarkaði. Um er að ræða þrjár sjálfafgreiðslustöðvar undir merkjum Dælnnar við Fellsmúla og Staldrið í Reykjavík og Hæðarsmára 8 í Kópavogi og tvær stöðvar undir merkjum N1 við Salaveg í Kópavogi og Vatnagarða í Reykjavík.
4. Sala á Kjarvals-verslun á Hellu.

Skýringar, frh.:

4. Kaup á dótturfélagi, frh.

Af sáttinni leiddi að skipa þyrfti óháðan kunnáttumann sem ætlað er að fylgja eftir og hafa eftirlit með þeim aðgerðum og fyrirmælum sem kveðið er á um í sáttinni.

Kaupverð, greiðsla þess og fjármögnun

Fjármögnun kaupanna var annars vegar með lántöku og hins vegar með útgáfu nýrra hluta í Festi, auk þess sem félagið notaði handbært fé til greiðslu hluta kaupverðsins. Festi gaf út 79.573.913 hluti sem afhentir vorum fyrrum hluthöfum dótturfélagsins. Við ákvörðun endanlegs kaupverðs var miðað við gangvirði hlutabréfa móðurfélagsins á yfirtökudegi en skráð markaðsgengi var þá 126,5. kr. á hlut. Heildarkaupverð nam 25.102 m.kr. Eftirfarandi er sundurliðun kaupverðs.

Greitt með handbæru fé	15.036.000
Greitt með nýju hlutafé í Festi hf.	10.066.100
Kaupverð alls hlutafjár í Hlekk ehf.	25.102.100

Útgáfa nýrra hluta í félaginu til fyrrum eigenda dótturfélagsins Hlekks leiddi til þess að þeir eignuðust 24,1% hlutafjár í móðurfélaginu Festi. Sölubann var á helmingi þeirra hluta til ársloka 2018.

Auk kaupverðsins féllu á árinu 2018 til 330 m.kr. vegna beins kostnaðar við yfirtökuna (2017: 69 m.kr.). Kostnaðurinn er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

Yfirteknar aðgreinanlegar eignir og skuldir

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skal yfirtökufélag framkvæma kaupverðsútteilingu á yfirtökudegi með því að meta aðgreinanlegar yfirteknar eignir og skuldir yfirtekins félags til gangvirðis. Kaupverðsútteilingu er lokið, en þó með þeim fyrirvara að ef nýjar upplýsingar um stöðu eigna og / eða skulda á yfirtökudegi koma fram innan eins árs frá yfirtöku getur kaupverðsútteiling breyst.

Eftirfarandi tafla sýnir gangvirði yfirtekinna eigna og skulda Hlekks og dótturfélaga samkvæmt kaupverðsútteilingu í m.kr.

Rekstrarfjármunir	15.495
Fjárfestingarfasteignir	8.732
Óefnislegar eignir	4.046
Verðbréfaeign	32
Birgðir	3.162
Viðskiptakröfur	565
Aðrar skammtímakröfur	99
Handbært fé	2.774
Skuldir við lánastofnanir	(15.702)
Tekjuskattsskuldbinding	(2.484)
Viðskiptaskuldir	(4.363)
Tekjuskattur til greiðslu	(256)
Aðrar skammtímaskuldir	(1.068)
Gangvirði aðgreinanlegra yfirtekinna eigna að frádregnum yfirteknum skuldum	11.032
Viðskiptavild	14.070
Kaupverð	25.102

Viðskiptavild

Viðskiptavild er færð að því marki sem kaupverð er umfram gangvirði aðgreinanlegra yfirtekinna eigna að frádregnum aðgreinanlegum yfirteknum skuldum. Viðskiptavild er ekki afskrifuð en er virðisprófuð árlega eða oftár ef vísbendingar eru til staðar um virðisrýrnun.

Skýringar, frh.:

4. Kaup á dótturfélagi, frh.

Viðskiptavild sem myndaðist við kaup á Hlekk og dótturfélögum þess félags er til komin vegna áætlaðra samlegðaráhrifa tengdum hagræðingu í innkaupum, rekstrar-, flutnings- og launakostnaði. Einnig er viðskiptavild einstakra sjóðstreymiseininga tengd starfsfólki, ferlum og áætluðum framtíðar ávinningi eininganna. Viðskiptavild sem myndast við samruna er ekki frádráttabær skattalega.

Kaupverðsútdeiling, frh.

Útreikningur gangvirðis endurmetinna eigna og viðskiptavildar byggist á eftirfarandi forsendum:

Yfirtekin eign

Rekstrarfjármunir

Matsbreyting og forsendur útdeilingar

Samkvæmt gangvirðismati á yfirtökudegi þann 1. september 2018 er gangvirði fasteigna og lóða Hlekk 3.051 m.kr. hærra en bókfært verð þeirra. Gangvirði annarra rekstrarfjármuna er áætlað nærri bókfærðu verði og var það því ekki metið sérstaklega. Gangvirði fasteigna og lóða er metið í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 13 *Mat á gangvirði*. Mat eignanna fellur undir þriðja þrep í flokkunarkerfi gangvirðismats. Gangvirðismatið byggir á núvirtu sjóðstreymi á föstu verðlagi. Framtíðartekjur eigna eru áætlaðar út frá núverandi leigusamningum og metinni markaðsleigu sem byggt er á eftir lok núgildandi leigusamninga. Ekki er gert ráð fyrir fullri nýtingu fasteigna og að hluti af leigutekjum tapist. Stærstu kostnaðarliðir í sjóðstreymismatinu eru fasteignagjöld, viðhald, tryggingar og stjórnunarkostnaður. Fasteignagjöld eru áætluð samkvæmt fasteignamati 2019 og álagningarhlutföllum sveitarfélaga 2018. Aðrir kostnaðarliðir eru metnir út frá algengum viðmiðum á fasteignamarkaði. Áætlað sjóðstreymi eigna er núvirt m.v. væntan veginn fjármagnskostnað (WACC). Ávöxtunarkrafa eiginfjár tekur mið af ávöxtunarkröfu fyrir ríkistryggð skuldabréf á markaði, áhættuálagi fyrir fasteignamarkaðinn og sérstöku áhættuálagi fyrir hverja fasteign. Gert er ráð fyrir 30% eiginfjárhlutfalli. Raunávöxtunarkrafa lánsfjár er metin miðað við áætluð vaxtakjör við fjármögnun á stökum fasteignum. Fasteignir og lóðir Hlekk til eigin nota verða færðar samkvæmt endurmatsaðferð í samstæðureikningi. Aðrir rekstrarfjármunir Hlekk verða færðir á afskrifuðu kostnaðarverði. Frestaður tekjuskattur er færður á tekjuskattskuldbindingu vegna munar á gangvirði og bókfærðu verði rekstrarfjármuna.

Fjárfestingarfasteignir

Hluti fasteigna Hlekk er leigður til þriðja aðila og eru þær eignir færðar sem fjárfestingarfasteignir í samstæðureikningi Festi. Fjárfestingarfasteignir eru færðar á gangvirði gegnum rekstur. Samkvæmt gangvirðismati er gangvirði fjárfestingarfasteigna 390 m.kr. lægra en bókfært verð á yfirtökudegi. Gangvirði fjárfestingarfasteigna var metið með sömu aðferð og gangvirði fasteigna og lóða sem falla undir rekstrarfjármuni. Frestaður tekjuskattur vegna munar á gangvirði og bókfærðu verði fjárfestingarfasteigna er færður á tekjuskattskuldbindingu.

Viðskiptavild

Viðskiptavild er sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði yfirtekinna aðgreinanlegra eigna og skulda. Viðskiptavild sem myndaðist við kaup á Hlekk og dótturfélögum þess er vegna áætlaðra samlegðaráhrifa tengdum hagræðingu í innkaupum, rekstrar-, flutnings- og launakostnaði. Einnig er viðskiptavild einstakra sjóðstreymiseininga tengd starfsfólki, ferlum og áætluðum framtíðar ávinningi eininganna. Viðskiptavild sem myndast við samruna er ekki frádráttabær skattalega. Viðskiptavild verður ekki afskrifuð en virðisprófuð árlega.

Aðrar óefnislegar eignir

Kaupverðsútdeiling í tengslum við kaup félagsins á Hlekk er í samræmi við kröfur IFRS 3. Skilgreindar voru þrjár sjóðskapandi einingar og var yfirverði úthlutað á tvær þeirra, raftækjaverslanir og matvöruverslanir. Engar óefnislegar eignir voru skilgreindar í tengslum við fasteignarekstur og vörúhúsarekstur. Tvær aðgreinanlegar óefnislegar eignir voru skilgreindar, vörumerki Krónunnar og Elko, og var gangvirði þeirra metið í samræmi við IFRS 13, *Mat á gangvirði*. Við mat á gangvirði vörumerkjanna var stuðst við höfundarréttargjaldsnálgun (e. Relief from royalty). Óefnislegar eignir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og prestaður tekjuskattur er færður á tekjuskattskuldbindingu vegna munar á gangvirði og bókfærðu verði.

Skýringar, frh.:

5. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttur er eining innan samstæðunnar sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þar á meðal tekna og gjalda vegna viðskipta við aðra starfspætti samstæðunnar. Starfspættir eru ákvarðaðir af forstjóra félagsins sem yfirfer reglulega starfspætti samstæðunnar til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfspætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Rekstrarafkoma starfspátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfspátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfspátta á rökrænan hátt.

Fjárfestingar starfspátta eru heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og ófnislegra eigna.

Verð á vöru og þjónustu sem seld er milli starfspátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Í kjölfar yfirtöku á Hlekk er nú unnið að endurskoðun starfspátta samstæðunnar. Þeirri vinnu er ekki lokið en hún kann að leiða til þess að framsetning starfspáttayfirlits breytist frá því sem nú er. Núverandi framsetning grundvallast á innri skýrslugjöf til stjórnenda samstæðunnar.


Samstæðunni er skipt í þrjá starfspætti.

- 1) N1 innifelur rekstur þeirra félaga sem mynduðu samstæðuna fyrir yfirtöku á Hlekk.
- 2) Hlekkur innifelur rekstur dagvöruverslanna, raftækjaverslana og annan rekstur Hlekks og dótturfélaga.
- 3) Fasteignir innifela rekstur fasteigna innan Festi hf. og í dótturfélagi Hlekks ehf., Festi fasteignum ehf.


Tekjur og gjöld ársins 2018 innifela tekjur og gjöld móðurfélagsins og dótturfélagsins Ego fyrir allt árið en tekjur og gjöld Hlekks og dótturfélaga þess frá og með 1. september 2018, þegar félögin urðu hluti af samstæðunni.

Upplýsingar um eignir starfspátta, tekjur þeirra og hagnað fyrir skatta


Eignir starfspátta



Tekjur starfspátta



Rekstrarafkoma starfspátta



Starfspáttayfirlitið er á síðu 42.

Skýringar, frh.:

6. Rekstrartekjur og viðskiptakröfur

Vöru- og þjónustusala

IFRS 15 *Tekjur af samningum við viðskiptavin* tók gildi í upphafi árs 2018. IFRS 15 nær til sölu á vörum og þjónustu og setur heildstæðan ramma um veitingu upplýsinga til notenda reikningsskila um eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu í tekjum og sjóðstreymi af samningum við viðskiptavin. Samkvæmt fimm skrefa tekjuskráningarlíkani IFRS 15 skal haga tekjuinnlausn þannig að hún endurspegli afhendingu vöru og þjónustu til viðskiptavinar og þar með flutningi yfirráða til hans. Tekjulíkan IFRS 15 er því ólíkt eldri reglum þar sem tekjuinnlausn byggðist á yfirfærslu áhættu og ávinnings. IFRS 15 hafði ekki áhrif á ársreikninginn að öðru leyti en því að tekjur eru sundurliðaðar ítarlegar en gert var áður. Vegna eðlis vörusölu samstæðunnar er ekki mikil óvissa tengd tímasetningu eða fjárhæð tekjuinnlausnar. Þannig eru tekjur að jafnaði færðar við afhendingu vöru og þjónustu.

Leigutekjur fasteigna

Fasteignir til útleigu utan samstæðunnar eru færðar sem fjárfestingarfasteignir. Fjárfestingarfasteignir eru fasteignir þar sem tilgangur eignarhaldsins er að afla leigutekna og til verðmætaaukningar. Fjárfestingarfasteignir eru færðar á gangvirði. Matsbreytingar fjárfestingarfasteigna eru sérgreindar í rekstrarreikningi og því aðskildar frá leigutekjum af sömu eignum. Nánari upplýsingar um fjárfestingarfasteignir er að finna í skýringu nr. 15

Aðrar rekstrartekjur

Umboðslaun, hagnaður af sölu eigna og aðrar tekjur eru færðar meðal annarra rekstrartekna.

Eftirfarandi er sundurliðun á rekstrartekjum samstæðunnar:

Festi	2018	2017
Eldsneyti	31.850.061	23.285.448
Aðrar vörur	11.659.046	11.322.993
Sala samtals	43.509.106	34.608.441
Hlekkur og dótturfélög		
Dagvara	11.234.942	
Raftæki	4.187.506	
	15.422.448	
Fasteignir		
Leigutekjur fasteigna	268.520	0
Aðrar rekstrartekjur		
Aðrar rekstrartekjur	507.538	441.854
Rekstrartekjur samtals	59.707.611	35.050.295
Sala Festi greinist þannig:		
Sjávarútvegur	4.700.859	3.269.996
Samgöngur	6.582.793	1.432.756
Verktakar	2.769.640	2.319.684
Erlend sala	3.288.181	3.208.430
Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar	26.167.634	24.377.575
	43.509.106	34.608.441
Framlegð af vörusölu		
Eldsneyti	5.350.887	4.953.587
Aðrar vörur	8.353.518	5.034.585
Framlegð af vörusölu samtals	13.704.405	9.988.172

Skýringar, frh.:

6. Rekstrartekjur og viðskiptakröfur, frh.:

Nýr reikningsskilastaðall um fjármálagerninga

IFRS 9 Fjármálagerningar tók gildi í upphafi árs 2018. Staðalinn innifelur auk annars breytingar á reglum um virðisrýrnun (niðurfærslu) viðskiptakrafna á þann veg að í stað þess að færa virðisrýrnun á grundvelli áorðins taps skal miða við vænt tap. Flokkar fjármálagerninga eru aðrir en samkvæmt eldri staðli, IAS 39. Gerð er grein fyrir flokkun fjármálagerninga í skýringu 16. Áhrif staðalins á samstæðuna voru óveruleg en virðisrýrnun mun að jafnaði verða gjaldfærð fyrr en áður.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á því að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna þess að viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna og annarra krafna.

Lánsáhætta ræðst einkum af aldri viðskiptakrafna, fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptavina, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í, en það eru samgöngur, sjávarútvegur og verktakar. Um 41% (2017: 30%) af stöðu viðskiptakrafnavina í árslok er vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins. Þar af nam staða stærsta viðskiptavinar 5% (2017: 5%).

Félagið hefur sett sér reglur um lánsviðskipti. Allir viðskiptavinir félagsins sem eru í lánaviðskiptum eru með lánamörk á viðskiptareikningi sem þeir geta ekki farið yfir. Lögaðilar þurfa almennt að leggja fram sjálfskuldarabyrgð eiganda sem nemur tveggja mánaða úttekt. Þetta á þó ekki við stærri aðila sem eru með gott lánsþæfismat hjá CreditInfo.

Samstæðan færir niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Við mat á virðisrýrnun vegna almennrar niðurfærslu er byggt á sögulegri tapsreynslu, aldursgreiningu krafna og almennu efnahagsástandi.

Viðskiptakröfur í árslok greinast þannig:

	2018	2017
Nafnverð viðskiptakrafna.....	3.851.591	2.745.873
Skuldabréfaeign.....	27.006	26.640
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(194.086)	(177.283)
Bókfært verð viðskiptakrafna.....	3.684.511	2.595.230
Kröfur á tengda aðila.....	33.836	152.147
Viðskiptakröfur samtals.....	3.718.347	2.747.377

Aldursgreining viðskiptakrafna og virðisrýrnun

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

Árið 2018	Nafnverð	Niðurfærsla	Bókfært verð	Niðurfærslu- hlutfall
Ógjaldfallið.....	3.007.822	(44.869)	2.962.953	1,5%
Gjaldfallið innan 30 daga.....	538.163	(24.801)	513.363	4,6%
Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum.....	104.528	(30.561)	73.967	29,2%
Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum.....	228.084	(93.855)	134.228	41,1%
	3.878.597	(194.086)	3.684.511	5,0%
Árið 2017				
Ógjaldfallið.....	2.076.640	(59.764)	2.016.876	2,9%
Gjaldfallið innan 30 daga.....	430.165	(29.407)	400.758	6,8%
Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum.....	116.033	(23.256)	92.777	20,0%
Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum.....	149.675	(64.856)	84.819	43,3%
	2.772.513	(177.283)	2.595.230	6,4%

Skýringar, frh.:

6. Rekstrartekjur og viðskiptakröfur, frh.:

Viðskiptakröfur félagsins greinast þannig í árslok eftir atvinnugreinum:

			Bókfært verð
Árið 2018	Nafnverð	Niðurfærsla	í árslok
Sjávarútvegur.....	423.469	(16.042)	407.427
Samgöngur.....	528.628	(21.592)	507.036
Verktakar.....	562.385	(45.151)	517.234
Erlend sala.....	245.205	(3.318)	241.887
Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar.....	2.118.910	(107.983)	2.010.927
Samtals.....	1.759.687	(86.103)	3.684.511
Árið 2017	Nafnverð	Niðurfærsla	í árslok
Sjávarútvegur.....	372.261	(14.729)	357.532
Samgöngur.....	309.600	(19.429)	290.171
Verktakar.....	398.881	(33.440)	365.441
Erlend sala.....	210.284	(2.699)	207.585
Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar.....	1.481.487	(106.986)	1.374.501
Samtals.....	1.291.026	(70.297)	2.595.230

7. Kostnaðarverð seldra vara og birgðir

Kostnaðarverð seldra vara felur í sér innkaupsverð seldra birgða ásamt flutningsgjöldum, vörugjöldum, tollum og dreifingakostnaði. Lækkun á kostnaðarverði birgða niður í hreint söluvirði er gjaldfært meðal kostnaðarverðs seldra vara.

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádragnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Birgðir í árslok greinast þannig:	2018	2017
Eldsneyti.....	2.711.481	1.582.122
Aðrar vörur.....	4.904.905	1.258.281
Birgðir samtals.....	7.616.386	2.840.403

Niðurfærsla eldsneytis hækkaði um 67 m.kr. á árinu 2018 en niðurfærsla annarra vara hækkaði um 85 m.kr. á sama tímabili. Á árinu 2017 lækkaði niðurfærsla eldsneytis um 3 m.kr en niðurfærsla annarra vara lækkaði um 37 m.kr.

Skýringar, frh.:

8. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2018	2017
Laun	5.229.666	3.543.656
Lífeyrisðgjöld	603.801	378.679
Önnur launatengd gjöld	482.432	473.224
Annar starfsmannakostnaður	215.808	158.545
Laun og annar starfsmannakostnaður samtals	6.531.706	4.554.103
Starfsmannafjöldi að meðaltali í heilsársstörfum	1.724	545
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	1.048	507

Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

Upplýsingar um laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda er að finna í skýringu 20 um tengda aðila.

	2018			
	Laun	Hlunnindi	Árangurs tengd laun	Samtals
Eggert Þór Kristófersson, forstjóri	46.937	3.368	11.400	61.705
Fimm framkvæmdastjórnar	120.898	11.946	21.050	153.894
	2017			
	Laun	Hlunnindi	Árangurs tengd laun	Samtals
Eggert Þór Kristófersson, forstjóri	45.733	3.742	21.000	70.475
Fjórir framkvæmdastjórnar	103.680	12.548	24.000	140.228

Laun eru vegna ársins 2018 en árangurstengd laun eru vegna rekstrarársins 2017

9. Sölu- og markaðskostnaður

	2018	2017
Markaðskostnaður	314.594	311.132
Sölu- og markaðskostnaður	189.473	111.992
Viðhaldskostnaður	454.316	472.066
Sölu- og markaðskostnaður samtals	958.383	895.190

10. Annar rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	307.550	258.625
Rekstur húsnæðis	868.107	509.894
Leigugjöld	338.712	268.686
Tölvu- og hugbúnaður	280.924	217.127
Niðurfærsla viðskiptakrafna (sjá skýringu nr. 6)	27.624	28.370
Þóknarir til endurskoðenda (sjá eftirfarandi sundurliðun)	50.161	16.395
Annar kostnaður	159.653	76.830
Kostnaður við kaup á Hlekk ehf. (sjá skýringu 4)	329.883	69.443
Annar rekstrarkostnaður samtals	2.362.614	1.445.369

Skýringar, frh.:

10. Annar rekstrarkostnaður. frh.:

Þóknanir til endurskoðenda samstæðunnar og dótturfélaga:

	2018	2017
Endurskoðun ársreikninga	30.719	13.414
Könnun árshlutareikninga	8.324	2.981
Önnur þjónusta	11.118	0
Þóknanir til endurskoðanda samtals	50.161	16.395

11. Afskriftir

	2018	2017
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýringu 13	178.064	52.779
Afskriftir rekstrarfjármuna sbr. skýringu 14	1.220.743	954.110
Afskriftir samtals	1.398.807	1.006.889

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir vegna afskrifta óefnislegra eigna og rekstrarfjármuna er að finna í skýringum nr. 13 og 14.

12. Viðskiptavild

Öll viðskiptavild í samstæðuársreikningnum er vegna kaupa félagsins á Hlekk og dótturfélögum þess á árinu 2018. Við virðispróf viðskiptavildar er henni deilt út á þær sjóðskapandi einingar sem hún tengist. Við kaupverðsútteilingu voru skilgreindar þrjár sjóðskapandi einingar og var viðskiptavild úthlutað á tvær þeirra, matvöruverslanir og rafrækjaverslanir. Önnur viðskiptavild er vegna samlegðaráhrifa og hagræðingar við kaup á Hlekk. Nánari upplýsingar um kaup á Hlekk og dótturfélögum er að finna í skýringu nr. 4.

Virðispróf í árslok 2018

Í árslok 2018 var kannað hvort vísbending væru til staðar um virðispróf á viðskiptavild. Niðurstaða virðisprófsins gaf ekki til kynna að virðisrýrnun hafi átt sér stað. Við virðispróf er lagt mat á endurheimtanlegt virði. Í öllum tilvikum byggði það mat á nýtingarvirði sjóðskapandi eininga. Nýtingarvirði er reiknað með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi sjóðskapandi eininga. Við virðisprófið var viðskiptavild deilt út á þær sjóðskapandi einingar samstæðunnar sem hún tilheyrir.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu viðskiptavildar og lykilforsendur við mat á nýtingarvirði. Áætlaðar EBITDA-vöxtur er meðaltal næstu fimm ára.

	EBITDA- vöxtur	Framtíðar- vöxtur	Afvöxtunar- þáttur	Bókfært verð í árslok
Matvöruverslanir	3,5%	3,0%	13,9%	6.028.119
Raftækjaverslanir	0,8%	3,0%	13,8%	2.328.558
Hlekkur	3,0%	3,0%	11,7%	5.713.786
Viðskiptavild samtals				14.070.463

13. Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir samanstanda af hugbúnaði, vörumerkjum og viðskiptasamningum.

Reikningsskilaaðferð

Eignfærð hugbúnaðarleyfi eru færð á kostnaðarverði að frádegnum uppsöfnuðum afskriftum. Hugbúnaður er afskrifaður línulega á 7 árum. Áætlaður líftími viðskiptasamninga er 7 ár og eru þeir afskrifaðir línulega. Kostnaður við yfirtöku vörumerkja er eignfærður og afskrifaður línulega á áætluðum nýtingartíma, að teknu tilliti til virðisrýrnunar ef við á, að hámarki á 20 árum.

Skýringar, frh.:

13. Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir samstanda af hugbúnaði, vörumerkjum og viðskiptasamningum.

Reikningsskilaaðferð

Eignfærð hugbúnaðarleyfi eru færð á kostnaðarverði að frádegnum uppsöfnuðum afskriftum. Hugbúnaður er afskrifaður línulega á 7 árum. Áætlaður líftími viðskiptasamninga er 7 ár og eru þeir afskrifaðir línulega. Kostnaður við yfirtöku vörumerkja er eignfærður og afskrifaður línulega á áætluðum nýtingartíma, að teknu tilliti til virðisrýrnunar ef við á, að hámarki á 20 árum.

	Hugbúnaður	Vörumerki	Viðskipta- samningar	Samtals
Heildarverð				
Heildarverð 1.1.2017	631.812	230.850	0	862.662
Viðbætur á árinu	9.601		0	9.601
Heildarverð 31.12.2017	641.413	230.850	0	872.263
Yfirtaka Hlekk ehf.	434.751	3.975.545	196.729	4.607.025
Viðbætur á árinu	113.377	0	0	113.377
Selt og niðurlagt	(364)	0	0	(364)
Heildarverð 31.12.2018	1.189.178	4.206.395	196.729	5.592.302
Afskriftir				
Afskrifað 1.1.2017	500.616	103.880	0	604.496
Afskriftir ársins	41.237	11.542	0	52.779
Afskrifað alls 31.12.2017	541.853	115.422	0	657.276
Yfirtaka á Hlekk ehf.	126.846	0	126.469	253.315
Afskriftir ársins	90.894	77.802	9.368	178.064
Selt og niðurlagt	(364)		0	(364)
Afskrifað alls 31.12.2018	759.229	193.224	135.836	1.088.290
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2017	131.196	126.970	0	258.166
Bókfært verð 31.12.2017	99.561	115.428	0	214.987
Bókfært verð 31.12.2018	429.949	4.013.171	60.893	4.504.012
Afskriftahlutföll	15-50%	5%	5%	

14. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir samstæðunnar samstanda af fasteignum, áhöldum og tækjum, innréttingum, skiltum og geymum.

Reikningsskilaaðferð

Fasteignir samstæðunnar til eigin nota, þ.e. þær fasteignir sem ekki eru flokkaðar sem fjárfestingarfasteignir, eru færðar á endurmetnu kostnaðarverði en aðrir rekstrarfjármunir á kostnaðarverði, að frádegnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun ef við á.

Skýringar, frh.:

14. Rekstrarfjármunir, frh.:

Reikningsskilaaðferð

Fasteignir samstæðunnar til eigin nota, þ.e. þær fasteignir sem ekki eru flokkaðar sem fjárfestingarfasteignir, eru færðar á endurmetnu kostnaðarverði en aðrir rekstrarfjármunir á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun ef við á.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mislangan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartíma hvern og einnar.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra rekstrartekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð eða endurmetið virði að frádregnu áætluðu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir.....	20 - 100 ár
Aðrir rekstrarfjármunir.....	3 - 20 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

Endurmat fasteigna

Endurmetnar eignir eru færðar á gangvirði á endurmatsdegi. Gangvirðismat er framkvæmt með reglubundnum hætti svo að bókfært verð sé ekki verulega frábrugðið gangvirði. Hækkun bókfærðs verðs vegna endurmats er færð í aðra heildarafkomu að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Endurmatsreikningur meðal eigin fjár er leystur upp með færslu á óráðstafað eigið fé til jafns við árlega afskrift endurmats í rekstrarreikningi. Endurmatslækkun er færð í rekstrarreikning nema að því marki sem um er að ræða viðsnúning á áður færðri endurmatshækkun sem færa skal í aðra heildarafkomu.

Matsaðferðir við endurmat fasteigna

Félagið færir fasteignir á endurmetnu kostnaðarverði. Endurmat til gangvirðis fór fram 31. desember 2016. Samkvæmt endurmatsaðferð skal á uppgjörssdegi kannað hvort vísbendingar séu um að verulegur munur sé á gangvirði og bókfærðu verði.

Stjórn félagsins hefur mótað sér stefnu um endurmat rekstrarfjármuna til að uppfylla kröfur fyrir beitingu endurmatsaðferðar um að bókfært verð á hverjum tíma sé ekki verulega frábrugðið gangvirði. Samkvæmt verklagsreglunni skal gangvirðismat framkvæmt ef vísbendingar eru um að munur á bókfærðu verði endurmetinna fasteigna og gangvirði sé 20% eða meiri. Þó skal gangvirðismat ekki unnið sjaldnar en á fimm ára fresti. Í hvert sinn sem gangvirðismat er unnið skulu rekstrarfjármunir færðir til gangvirðis óháð því hvort niðurstaða matsins er að munur gangvirðis og bókfærðs verðs sé undir eða yfir fyrrnefndu 20% viðmiði.

Árlega er kannað hvort vísbendingar séu til staðar um að munur gangvirðis og bókfærðs verðs sé 20% eða meiri. Við þá könnun er horft til ýmissa þátta en þó einkum eftirfarandi:

- Afskriftir endurmetinna rekstrarfjármuna frá því þeir voru síðast endurmetnir.
- Söluverð áþekkra eigna og þeirra sem samstæðan endurmetur ef upplýsingar um slík viðskipti eru tiltækar.
- Verðbólga.
- Breytinga á fasteignamati eftir því sem þær má heimfæra á eignir áþekkar þeim sem samstæðan endurmetur.
- Þeirra þátta sem endurmat byggir á, svo sem vöxt (eða samdrátt) vörusölu og breytinga á afvöxtunarhlutfalli vegna breytinga á grunnvöxtum og / eða áhættuálagi.

Nánari umfjöllun um síðasta endurmat fasteignanna er í ársreikningi 2016.

Skýringar, frh.:

14. Rekstrarfjármunir, frh.:

Í tengslum við kaupverðsútteilingu vegna kaupa félagsins á Hlekk var á haustmánuðum 2018 unnið gangvirðismat á fasteignum Hlekks og dótturfélaga. Gangvirðismatið var unnið með aðstoð óháðra sérfræðinga.

Gangvirðismat rekstrarfjármuna fellur undir stig þrjú í gangvirðislíkani alþjóðlegra reikningsskilastaðla enda byggir það að verulegu leyti á öðrum upplýsingum en markaðsupplýsingum. Lykilforsendur gangvirðismatsins eru fjármagnskostnaður og EBITDA. Væri gert ráð fyrir hærri fjármagnskostnaði og / eða lægri EBITDA myndi það leiða til lækkunar á gangvirðismati rekstrarfjármuna en lægri fjármagnskostnaður og / eða hærri EBITDA leiða til hækkunar á gangvirðismati.

Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð eða matsvirði			
Kostnaðarverð 1.1.2017	16.322.788	4.938.040	21.260.828
Viðbætur á árinu	1.956.986	397.697	2.354.683
Selt og niðurlagt á árinu	(108.365)	(234.902)	(343.267)
Endurmat bakfært	(115.288)	0	(115.288)
Kostnaðarverð eða matsvirði 31.12.2017	18.056.121	5.100.835	23.156.956
Yfirtaka á Hlekk ehf.	13.027.681	3.784.314	16.811.995
Viðbætur á árinu	802.933	768.352	1.571.286
Selt og niðurlagt á árinu	(44.193)	(221.746)	(265.939)
Kostnaðarverð eða matsvirði 31.12.2018	31.842.542	9.431.755	41.274.297
Afskriftir			
Afskrifað 1.1.2017	2.523.537	2.963.823	5.487.360
Afskriftir ársins	561.909	392.201	954.110
Selt og niðurlagt á árinu	(37.964)	(186.779)	(224.743)
Afskrifað alls 31.12.2017	3.047.482	3.169.245	6.216.728
Yfirtaka á Hlekk ehf.	114.557	1.509.884	1.624.441
Afskriftir ársins	629.461	591.282	1.220.743
Selt og niðurlagt á árinu	(9.738)	(196.756)	(206.493)
Afskrifað alls 31.12.2018	3.781.762	5.073.655	8.855.418
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1.2017	13.799.251	1.974.217	15.773.468
Bókfært verð 31.12.2017	15.008.639	1.931.590	16.940.226
Bókfært verð 31.12.2018	28.060.780	4.358.100	32.418.877
Bókfært verð án endurmats			
Bókfært verð 1.1.2017	8.949.486	1.974.217	9.600.210
Bókfært verð 31.12.2017	10.473.955	1.931.590	8.870.844
Bókfært verð 31.12.2018	24.994.656	4.358.100	29.626.876
Afskriftahlutföll	1-5%	5-20%	

Skýringar, frh.:

14. Rekstrarfjármunir, frh.:

Vátryggingaverð og fasteignamat rekstrarfjármuna í árslok:	2018	2017
Fasteignamat fasteigna	21.174.668	7.148.170
Brunabótamat fasteigna	29.178.884	8.279.013
Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja og innréttinga	5.532.219	2.465.383
Vátryggingarverðmæti vörubirgða	5.430.836	2.668.799

15. Fjárfestingarfasteignir

Fasteignir sem ætlaðar eru til útleigu til þriðja aðila og verðmætaaukningar eru færðar sem fjárfestingarfasteignir. Fasteignirnar eru fyrst og fremst nýttar í útleigu verslunarhúsnæðis. Nýtingarhlutfall var 95%-99% í árslok 2018.

Reikningsskilaaðferðir

Fjárfestingareignir félagsins eru bókfærðar á gangvirði á reikningsskiladegi. Matsbreyting fjárfestingareigna er færð í gegnum rekstur á því tímabili sem matsbreytingin á sér stað. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar. Gangvirðisbreytingar eru sérgreindar í rekstrarreikningi en leigutekjur færðar meðal liðarins „Aðrar rekstrartekjur“, sbr. skýringu 6.

Breytingar á bókfærðu verði

Yfirtekið 1. september 2018	8.731.500
Kaup	30.513
Gangvirðisbreyting	(10.239)
Staða 31. desember 2018	8.751.774

Fjárfestingarfasteignir eru vegna yfirtöku Festi á Hlekk og dótturfélögum. Yfirtökudagur var 1. september 2018. Fyrir þann tíma voru engar fjárfestingarfasteignir í eigu samstæðunnar.

Húsaleigutekjur

Félagið leigir húsnæði til ýmissa aðila. Sumir leigusamninganna eru ótímabundnir, en leigutími annarra samninga er á bilinu eitt til fimmtán ár. Leigusamningarnir eru flestir verðtryggðir. Heildarskuldbinding leigutaka án tillits til framtíðarverðbólgu er eins og greinir hér að neðan. Skuldbinding leigutaka vegna óbundinna samninga er aðeins reiknuð eitt ár fram í tímann.

	2018	2017
Innan árs.....	873.168	154.799
Eftir 1 - 5 ár.....	2.371.752	238.044
Eftir meira en 5 ár.....	1.251.857	118.497
Samtals.....	4.496.777	511.340

16. Fjármálagerðing

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í tiltekna flokka. Flokkun fjáreigna og fjárskulda hefur áhrif á það hvernig fjármálagerðing er metnir eftir upphaflega skráningu í bókhald. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra og matsgrundvöllur þeirra koma fram í eftirfarandi töflu. Eins og fram kemur í skýringu 6 tók staðalinn IFRS 9 *Fjármálagerðing* gildi frá og með árinu 2018. Hann hafði óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins en flokkar fjármálagerðinga eru aðrir en samkvæmt eldri staðli, IAS 39 *Fjármálagerðing: Skráning og mat* sem gildi fyrir samanburðarár.

Skýringar, frh.:

16. Fjármálagerningar, frh.:

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar samanstanda af handbæru fé, verðbréfaeign, sem samanstendur af eignarhlutum í öðrum félögum og skuldabréfaeign, viðskiptakröfum og öðrum kröfum, afleiðusamningum, lántökum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þeir eru skráðir á viðskiptadegi, sem er dagurinn sem félagið verður aðili að samningsbundnum ákvæðum gerningsins. Þegar um er að ræða fjármálagerninga sem ekki verða færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning er tekið tillit til alls beins viðskiptakostnaðar við upphaflega skráningu í bókhald.

Flokkun fjármálagerninga og matsgrundvöllur þeirra

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun fjármálagerninga samstæðunnar, matsgrundvöll þeirra og hvar tekjur og gjöld af þeim eru færð í rekstrarreikning.

Árið 2018		Bókfært verð í
Fjármálagerningur	Flokkun skv. IFRS 9	árslok
Handbært fé	Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði.	4.266.925
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur sem teljast til fjáreigna, þ.m.t. kröfur á tengda aðila	Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði.	4.024.132
Skuldabréfaeign	Fjáreignir á gangvirði gegnum aðra heildarafkomu.	66.838
Skuldir við lánastofnanir	Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði.	37.313.563
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir sem teljast til fjármálagerninga.	Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði.	7.519.102

Árið 2017

	Flokkun samkvæmt IAS 39			
	Tilgreint á gangvirði gegnum rekstur	Lán og kröfur - færðar á afskrifuðu kostnaðarverði	Aðrar fjárskuldir - færðar á afskrifuðu kostnaðarverði	Bókfært verð í árslok
Eignir:				
Handbært fé.....		2.800.082		2.800.082
Viðskiptakröfur.....		2.595.230		2.595.230
Kröfur á tengda aðila.....		152.147		152.147
Aðrar skammtímakröfur.....		102.225		102.225
Verðbréfaeign	136.582			136.582
	136.582	5.649.684		5.786.266
Skuldir:				
Skuldir við lánastofnanir.....			8.000.000	8.000.000
Skuldir við hið opinbera.....			2.058.077	2.058.077
Viðskiptaskuldir.....			1.066.927	1.066.927
Skuldir við tengda aðila.....			113.198	113.198
Aðrar skammtímaskuldir.....			494.488	494.488
			11.732.690	11.732.690

Skýringar, frh.:

16. Fjármálagerningar, frh.:

Tekjur og gjöld af fjármálagerningum

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2018	2017
Vaxtatekjur af handbæru fé	52.954	43.763
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	84.751	16.404
Vaxtatekjur af kröfum	14.263	31.048
Fjármunatekjur samtals	151.968	91.215

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld	1.155.881	398.352
Fjármagnsgjöld samtals	1.155.881	398.352

Gengismunur og eignir og skuldir í erlendri mynt

Gengismunur af gjaldmiðlum er vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum, fyrst og fremst USD. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags en peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færð á árslokagengi. Meðalgengi ÍSK gagnvart USD var 108,4 en gengi í árslok 116,3.

Eignir og skuldir í erlendri mynt

Eignir og skuldir í erlendri mynt voru í árslok sem hér segir:

Árið 2018	USD	EUR	Aðrar myntir	Samtals
Skuldabréfaeign.....	0	0	26.151	26.151
Viðskiptakröfur.....	420.785	30	87.543	508.358
Handbært fé.....	468.137	8.792	82.091	559.020
Viðskiptaskuldir.....	(5.167)	(128.356)	(426.776)	(560.299)
Áhætta í efnahagsreikningi.....	883.755	(119.534)	(230.991)	533.230

Árið 2017

Skuldabréfaeign.....	0	0	91.606	91.606
Viðskiptakröfur.....	276.629	345	4.614	281.588
Handbært fé.....	173.716	3.332	3.835	180.883
Viðskiptaskuldir.....	(2.508)	(67.449)	(228.078)	(298.035)
Áhætta í efnahagsreikningi.....	447.837	(63.772)	(128.023)	256.042

Næmigreining

10% styrking íslenskrar krónu gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum í árslok myndi hafa hækkað (lækkað) afkomu félagsins fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir.

	2018	2017
USD.....	88.376 (	44.784)
EUR.....	(11.953)	6.377
Aðrar myntir.....	(23.099)	12.802
Samtals.....	53.323 (	25.605)

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart þessum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Skýringar, frh.:

16. Fjármálagerningar, frh.:

Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur í árslok greinast þannig:

	2018	2017
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	97.689	34.627
Inneign virðisaukaskatts og aðrar kröfur á hið opinbera.....	101.292	64.021
Aðrar skammtímakröfur.....	106.805	38.204
Aðrar skammtímakröfur samtals.....	305.786	136.852

Skuldir við lánastofnanir

Í tengslum við fjármögnun á kaupum á dótturfélaginu Hlekk ehf. voru allar langtímaskuldir móðurfélagsins endurfjármagnaðar í september 2018. Eldra langtímalán að fjárhæð 8,0 milljarðar kr. var gert upp auk þess sem ný lán voru tekin. Til tryggingar á lánum félagsins hafa verið tekin veð í fasteignum og birgðum. Eftirfarandi er greining á skuldum við lánastofnanir. Þau eru öll í íslenskum krónum.

	31.12.2018		31.12.2017	
	Vaxtakjör	Bókfært verð	Vaxtakjör	Bókfært verð
Óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum.....	5,5%	13.474.500	5,1%	8.000.000
Verðtryggð lán með föstum vöxtum	3,9%	11.610.538		0
Verðtryggð lán með breytilegum vöxtum.....	3,8%	8.507.995		0
Langtímahluti samtals.....		33.593.033		8.000.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....		1.720.530		0
Skammtímalán	5,3%	2.000.000		0
Skammtíamluti samtals.....		3.720.530		0
Skuldir við lánastofnanir samtals.....		37.313.563		8.000.000

Afborganir langtímalána greinast þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Árið 2019.....	1.720.456	0
Árið 2020.....	1.733.483	0
Árið 2021.....	1.744.282	68.000
Árið 2022.....	1.692.671	408.000
Árið 2023.....	1.101.644	408.000
Til greiðslu síðar.....	27.321.027	7.116.000
Skuldir við lánastofnanir samtals.....	35.313.563	8.000.000

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig frá upphafi til loka árs:

	Langtímalán	Skammtímalán	Samtals
Árið 2018			
Staða í upphafi árs.....	8.000.000	0	8.000.000
Afborganir.....	(8.714.644)	0	(8.714.644)
Tekin ný lán.....	20.057.500	2.000.000	22.057.500
Yfirtekin lán frá Hlekk	13.485.569	0	13.485.569
Lotun lántökukostnaðar.....	18.289	0	18.289
Verðbætur.....	472.184	0	472.184
Endurflokkað meðal skammtímaskulda.....	(5.335)	0	(5.335)
Staða í árslok.....	33.313.563	2.000.000	35.313.563

Skýringar, frh.:

16. Fjármálagæringar, frh.:

	Langtímalán	Skammtímalán	Samtals
Árið 2017			
Staða í upphafi árs.....	6.500.000	508.905	7.008.905
Afborganir.....	0 (	508.905) (	508.905)
Tekið nýtt lán.....	1.500.000		1.500.000
Staða í árslok.....	8.000.000	0	8.000.000

Fjárhagsleg skilyrði

Í lánssamningum er skilyrði um að bókfært eiginfjárlutfall samstæðu sé ávallt hærra en 25% í lok hvers rekstrarárs. Í lok árs 2018 var eiginfjárlutfallið 33.4% og skilyrðið uppfyllt.

Afborganir skammtímaláns eru færðar meðal rekstrarhreyfinga í sjóðstreymisýfirliti.

Eftirstöðvagreiðing

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvenær framtíðargreiðslur fjárskulda samstæðunnar og tekjuskatts falla til. Greiðslufleðið innifelur áætlaða framtíðarvexti eftir því sem við á.

	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 3 - 5 ár	Eftir meira en 5 ár
Árslok 2018				
Skuldir við lánastofnanir.....	5.203.489	3.153.243	8.576.386	30.134.453
Tekjuskattur til greiðslu.....	595.668			
Skuldir við hið opinbera.....	2.306.564			
Viðskiptaskuldir.....	5.654.412			
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.864.690			
	15.624.824	3.153.243	8.576.386	30.134.453

Árslok 2017

	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 3 - 5 ár	Eftir meira en 5 ár
Skuldir við lánastofnanir.....	403.722	409.614	1.692.752	8.851.413
Tekjuskattur til greiðslu.....	444.276			
Skuldir við hið opinbera.....	2.058.077			
Viðskiptaskuldir.....	1.180.125			
Aðrar skammtímaskuldir.....	494.487			
	4.580.687	409.614	1.692.752	8.851.413

Vaxtaáætla

Hækkun á vöxtum á uppgjörssdegi um eitt prósentustig (100 punkta) myndi lækka afkomu um 373 m.kr. (2017: 80 m.kr.) fyrir tekjuskatt vegna áhrifa á lántökur félagsins sem bera breytilega vexti. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Lækkun vaxta um eitt prósentustig myndi hafa sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Aðrar skuldir við hið opinbera

Aðrar skuldir við hið opinbera samanstanda af ógreiddum virðisaukaskatti og tolli af innflutningi, olíugjaldi, bensíngjaldi, kolefnisgjaldi og öðrum opinberum gjöldum.

Skýringar, frh.:

16. Fjármálagæringar, frh.:

Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í árslok:

	2018	2017
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	1.110.661	446.707
Ógreiddir áfallnir vextir.....	118.019	38.134
Olíusamningur.....	1.710	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	634.300	9.646
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	155.556	182.959
Aðrar skammtímaskuldir samtals.....	2.020.246	677.446

Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirfram innheimtar tekjur greinast þannig í árslok:

	2018	2017
Vildarpunktur.....	114.659	134.416
Innkort.....	40.897	48.543
Fyrirfram innheimtar tekjur samtals.....	155.556	182.959

Félagið rekur vildarpunktakerfi þar sem viðskiptavinir sem eru með N1-kort safna punktum („N1-punktum“) þegar þeir kaupa vörur af N1. N1-punktur er fullgildur gjaldmiðill hjá félaginu, þ.e. einn punktur er jafngildi einnar krónu í öllum viðskiptum við N1 ehf. Auk þess gefst korthöfum reglulega kostur á að margfalda virði punkta sinna með tilboðum á tilteknum vörum. Þegar um er að ræða vörusölu sem felur í sér punktasoðnun er söluverðinu skipt á þann veg að sá hluti gagngjalds vörusölnnar sem tilheyrir veittum punktum er færður til lækkunar á tekjum. Við útreikning á þeim hluta tekna af vörusölu sem er frestað, er lagt mat á hversu stór hluti punkta muni ekki verða nýttir en veittir ónýttir punktar farnast á þremur árum eða ef engir punktar eru nýttir í eitt ár. Skuldbinding vegna vildarpunkta er færð sem skammtímaskuld meðal fyrirfram innheimtra tekna í efnahagsreikningi.

Leiguskuldbindingar

Félagið er með húsnæði og lóðir á leigu frá ýmsum aðilum lengst til ársins 2052. Framtíðarleigugreiðslur án tillits til framtíðarverðbólgu greinast þannig í árslok:

	2018	2017
Innan árs.....	492.331	286.728
Eftir 1 - 5 ár.....	2.013.090	39.938
Eftir meira en 5 ár.....	2.486.607	61.198
Samtals.....	4.992.029	387.864

Leiguskuldbindingar félagsins eru ekki færðar í efnahagsreikning því þær flokkast sem rekstrarleigusamningar. Frá og með árinu 2019 breytist reikningshaldsleg meðhöndlun slíkra skuldbindinga, þ.e. þegar IFRS 16 *Leigusamningar* tekur gildi. Fjallað er um væntanleg áhrif staðalsins á reikningsskil félagsins í skýringu 25.

Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félagið ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, ef líklegt er að komi til greiðslu og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

Skýringar, frh.:

17. Hlutdeildarfélag

Reikningsskilaaðferð

Hlutdeildarfélag eru félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20 - 50% atkvæðaréttar. Hlutdeildarfélag eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði. Fjárfesting félagsins felur í sér viðskiptavild sem verður til við kaupun, að frádreginni virðisrýrnun, ef einhver er. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild félagsins í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarféлага frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Önnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélag er færður hlutfallslega til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Önnleyst tap er fært út með sama hætti og önnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar þessara eigna.

Hlutdeild í afkomu erlendra hlutdeildarféлага er færð á meðalgengi ársins. Hlutdeild í eigin fé er færð miðað við gengi á uppgjörstegi. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlent hlutdeildarfélag er selt að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum og hlutdeild í afkomu

Hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarféлага nam 205 m.kr. á árinu 2018 (2017: 275 m.kr.). Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum greinast þannig:

	Eignarhlutur	2018	2017
Olíudreifing ehf.	60,0%	1.318.664	1.288.534
Malik Supply A/S, Danmörku	49,0%	532.964	469.926
EAK ehf.	33,3%	76.379	60.204
Eignarhlutir í 3 hlutdeildarfélagum	-	151.660	21.230
Eignarhlutir í öðrum hlutdeildarfélagum samtals í árslok		2.079.666	1.839.908

Breyting á bókfærðu verði hlutdeildarféлага á árinu:

Bókfært verð í ársbyrjun	1.839.908	1.747.910
Hlutdeild í afkomu	204.875	274.905
Arður	(120.000) (	194.000)
Kaup á hlutum	121.571	0
Þýðingarmunur	33.297	11.092
Bókfært verð í árslok	2.079.666	1.839.908

Eftirfarandi eru fjárhagslegar upplýsingar um hlutdeildarfélagin Olíudreifingu ehf. og Malik Supply A/S. Upplýsingarnar byggjast á ársreikningum félaganna þegar tekið hefur verið tillit til óafskrifaðs yfirverðs sem myndaðist við kaup félagsins á eignarhlutunum í Malik Supply A/S.

Skýringar, frh.:

17. Hlutdeildarfélag, frh.:

Olíudreifing ehf.

Félagið á 60% hlut í Olíudreifingu ehf. Félagið hefur ekki yfirráð yfir Olíudreifingu ehf. sem er því ekki flokkað sem dótturfélag félagsins. Það er vegna þess að samkeppnisyfirvöld ákváðu að félagið yrði að hafa stjórnarmenn óháða N1 ehf. Umsvif N1 ehf. hafa hins vegar veruleg áhrif á starfsemi Olíudreifingar ehf. og beitir félagið því hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutar síns. Reikningsskil Olíudreifingar ehf. eru gerð í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

	2018*	2017*
Fastafjármunir	3.728.786	3.196.762
Veltufjármunir	1.003.754	1.248.511
Langtímaskuldir	(1.897.355) (	1.650.524)
Skammtímaskuldir	(639.170) (	647.195)
Hreinar eignir (100%)	2.196.015	2.147.554
Bókfært verð eignarhlutar (60%)	1.318.664	1.288.534
Tekjur (100%)	3.739.337	3.669.557
Hagnaður (100%)	250.218	326.734
Hlutdeild í heildarhagnaði (60%)	150.131	196.040

*Drög ársreiknings

Malik Supply A/S

Malik Supply A/S var stofnað árið 1989 til að þjónusta togara á grænlenku hafsvæði og í Norður - Atlantshafi með olíu, smurolíu og aðrar vörur. Festi selur Malik svartolíu sem selur hana áfram til helstu sjárvarútvegsfyrirtækja á Grænlandi. Reikningsskil Malik Supply A/S eru gerð í samræmi við dönsk lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

	2018*	2017*
Fastafjármunir	839.147	713.982
Veltufjármunir	3.234.229	3.999.512
Langtímaskuldir	(498.581) (	284.090)
Skammtímaskuldir	(2.782.753) (	3.690.208)
Hreinar eignir (100%)	792.042	739.195
Yfirferð eignahlutar	144.863	107.720
Bókfært verð eignarhlutar (49%)	532.964	469.925
Tekjur (100%)	850.594	749.300
Hagnaður (100%)	68.955	105.435
Hlutdeild í heildarhagnaði (49%)	33.788	51.663

*Drög ársreiknings

Skýringar, frh.:

18. Tekjuskattur

Reikningsskilaaðferð

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema hann varði liði sem færðir eru beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára, ef við á.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsteggi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

2018

2017

Hagnaður fyrir tekjuskatt		2.476.515		2.523.693
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,0%	495.303	20,0%	504.739
Ófrádráttarbær kostnaður	0,2%	4.356	0,1%	1.881
Óskattskyldar tekjur af eignarhlutum	(1,7%)	(40.975)	(2,1%)	(53.910)
Aðrar breytingar	(1,6%)	(40.838)	0,0%	16
Virkur tekjuskattur	16,9%	417.846	17,9%	452.726

Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði í lok ársins:

2018

2017

Rekstrarfjármunir og fjárfestingarfasteignir.....	3.123.132	1.464.297
Óefnislegar eignir.....	807.850	23.592
Aðrir liðir.....	7.791	(3.174)
Tekjuskattsskuldbinding.....	3.938.773	1.484.715

19. Eigið fé og eiginfjárstýring

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 330 m.kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun. Beinn kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé. Við kaup á eigin hlutum er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

Yfirverðsreikningur hlutfjár

Yfirverðsreikningur hlutfjár sýnir það sem hluthafar hafa lagt til félagsins umfram nafnverð hlutfjár, að frádregnum 1.135 m.kr. sem notaðar hafa verið til að jafna tap, auk lækkunar að fjárhæð 8.712 m.kr. vegna lækkunar hlutfjár á árunum 2014 til 2016.

Lögbundinn varasjóður

Í samræmi við lög um hlutafélög skal leggja í varasjóð tiltekið hlutfall af hagnaði hvers árs þar til sjóðurinn svarar til 25% af nafnverði hlutfjár.

Skýringar, frh.:

19. Eigið fé og eiginfjárstýring

Endurmatsreikningur

Endurmat fasteigna félagsins er fært á endurmatsreikning sem og hlutdeild félagsins í endurmati fasteigna hlutdeildarfélags. Endurmatið er leyst upp til jafns við árlegar afskriftir þess í rekstrarreikningi. Upplausn endurmats er færð á óráðstafað eigið fé.

Óinnleystur hagnaður dóttur- og hlutdeildafélaga

Nemi hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga sem færð er í rekstrarreikning hærri fjárhæð en sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta skal mismunurinn færður af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár. Sé hlutdeild félags í dóttur- eða hlutdeildarfélagi seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikninginn upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé eða ójafnað tap eftir atvikum.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlends hlutdeildarfélags í íslenskar krónur.

Óráðstafað eigið fé

Hagnaður (tap) ársins er fært til hækkunar (lækkunar) á óráðstöfuðu eigin fé. Arðgreiðslur eru færðar til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé. Upplausn endurmats er færð til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

Eiginfjárstýring og arðgreiðslur

Stjórn Festi hefur mótað stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslur en samkvæmt henni er miðað við að arðgreiðslur til hluthafa nemi að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs. Jafnframt verður stefna að EBITDA verði 35% af framlegð, netto vaxtaberandi skuldir verði 3,5 x EBITDA og eiginfjárlutfall verði á bilinu 30 - 35 %. Í lánaskilmálum félagsins er gerð krafa um að eiginfjárlutfall sé að lágmarki 25%. Í árlök 2018 var eiginfjárlutfall 33,4%.

20. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Til tengdra aðila félagsins teljast stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn félagsins og stjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög í þeirra eigu.

Viðskipti við tengd félög

Viðskipti við tengd félög greinast þannig:

	2018	2017
Keyptar vörur og þjónusta.....	2.068.666	1.240.162
Seldar vörur og þjónusta.....	429.675	502.200
Skuldabréfaeign.....	26.151	91.606
Kröfur í árslok.....	33.836	152.147
Skuldir í árslok.....	628.618	113.198

Engin lán hafa verið veitt stjórnarmönnum eða forstjóra félagsins.

Skýringar, frh.:

20. Tengdir aðilar

Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda greinast þannig:

	2018	2017	Fjöldi hluta í árslok 2018
Margrét Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.....	9.687	8.900	3.014
Þórður Már Jóhannesson, varaformaður, frá 1.10.18.....	2.140	0	4.345.463
Björgólfur Jóhannsson, stjórnarmaður, frá 1.10.2018.....	1.320	0	80.000
Guðjón Karl Reynisson, stjórnarmaður, frá 1.10.18.....	1.230	0	349.391
Kristín Guðmundsdóttir, stjórnarmaður.....	5.203	4.800	6.028
Helgi Magnússon, varaformaður til 30.9.2018.....	5.208	6.429	161.760
Jón Sigurðsson, stjórnarmaður til 30.9.2018.....	5.634	4.440	6.525.970
Þórarinn V. Þórarinnsson, stjórnarmaður til 30.9.2018.....	3.883	4.800	3.014
Eggert Þór Kristófersson, forstjóri.....	61.705	70.475	90.000
Fimm framkvæmdastjórnar.....	153.894	140.228	43.670
Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda samtals.....	249.904	240.072	11.608.310

Viðskipti við aðra tengda aðila

Viðskipti við aðra tengda aðila voru mjög óveruleg á þeim tímabilum sem ársreikningurinn tekur til. Verðlagning á slíkum viðskiptum er sambærileg við önnur viðskipti félagsins.

Viðskipti við starfsmenn

Félagið hefur lánað starfsmönnum sínum vegna almennra vöruviðskipta og voru þau að fjárhæð 12 m.kr. í árslok 2018 (2017: 12 m.kr.). Aðrar skuldir starfsmanna við félagið námu 1,4 m.kr. í árslok (2017: 1 m.kr.)

21. Áhættustýring

Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- * Lánsáhætta, sem fjallað er um í skýringu 4
- * Lausafjárahætta
- * Markaðsáhætta (verðáhætta, gengisáhætta og vaxtaáhætta)

Hér eru veittar upplýsingar um áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni, auk upplýsinga um rekstraráhættu. Tölulegar upplýsingar er að finna víða í ársreikningnum.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að lágmarka þá áhættu sem það býr við með því að greina áhættuna, meta hana og hafa eftirlit með henni.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan lendi í erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sem gerðar verða upp með handbæru fé eða öðrum fjáreignum. Markmið samstæðunnar er að hafa ætíð nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum þegar þær falla til.

Lausafjárstaða samstæðunnar var sterk í árslok 2018. Stjórnendur samstæðunnar telja það vera vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla. Veginn meðallánstími langtímalána samstæðunnar er um 13 ár og eru lánin öll uppgreiðanleg á lánstímanum. Samstæðan hefur einnig aðgang að lánalínum til 1-2 ára að hámarki 4,8 ma.kr.

Nánari umfjöllun um fjárskuldir samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 16 um fjármálagerninga.

Skýringar, frh.:

21. Áhættustýring, frh.:

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta samanstendur af verðáhættu, vaxtaáhættu og gengisáhættu. Markmið félagsins er að stýra og takmarka markaðsáhættu við skilgreind mörk.

Gengisáhætta

Öll viðskipti félagsins í erlendum myntum mynda gengisáhættu. Við mat á gengisáhættu er horft til greiðsluáhættu og uppgjörshættu. Markmiðið er að stýra gengisáhættu með þeim hætti að hagur félagsins sé sem best tryggður. Stærsti hluti innflutnings er kaup á vörum til endursölu af erlendum birgjum í USD og EUR, en salan er að stærstum hluta í ISK. Sala í ISK er 88,5% (2017: 87%), USD 10,8% (2017: 12%) og aðrar myntir 0,6% (2017: 1%).

Vaxtaáhætta

Samstæðan býr við sjóðstreymisáhættu vegna vaxtabreytinga fjárskulda sem eru með breytilegum vöxtum. Eins og að framan greinir leitast félagið við að eiga ávallt nægt laust fé til að mæta fjárskuldbindingum sínum. Langtímalán félagsins eru óverðtryggð, verðtryggð og lánalínan er óverðtryggð.

Verðáhætta

Veigamikil markaðsáhætta félagsins er verðáhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á olíu en heimsmarkaðsverð hefur undanfarin ár verið afar sveiflukennt. Dregið er úr verðáhættu í sérsamningum við stærstu viðskiptavinum félagsins auk þess sem móðurfélagið gerir afleiðusamninga til að verjast hluta af verðáhættu vegna innkaupa á eldneyti (sjá skýringu 16).

Samstæðan notar afleiðusamninga sem lið í áhættuvörnum til að mæta sveiflum í olíuverði. Samningarnir eru til eins eða tveggja mánaða þar sem verð á olíu er fest í erlendra mynt og ná aðeins til hluta af olíuinnkaupum samstæðunnar. Samningarnir eru gerðir upp nettó með handbæru fé.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu og óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi samstæðunnar. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna, tækni og skipulag sem beitt er.

Til að draga úr rekstraráhættu hefur meðal annars verið komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, haft er eftirlit með lánsviðskiptum, fylgni við lög og þjálfun starfsfólks. Hluti af því að draga úr áhættu er rekstur N1- skólans þar sem starfsmenn fá viðeigandi þjálfun tengda störfum þeirra fyrir félagið. Innleiddir hafa verið virkir verkferlar og reglur um afritatöku upplýsingakerfa. Þá eru unnar markvissar rekstraráætlanir og mánaðarleg uppgjör og frávik frá samþykktum áætlunum greind.

22. Ákvörðun gangvirðis

Eignir á gangvirði

Verðbréf eru færð á gangvirði. Ákvörðun gangvirðis fellur í þriðja stig í gangvirðismats enda byggja upplýsingar um gangvirði þeirra á á eigin forsendum. Þessir liðir nema óverulegum hluta eigna samstæðunnar. Fasteignir samstæðunnar eru færðar á endurmetnu kostnaðarverði. Í því felst að gangvirði þeirra er ákvarðað með reglubundnum hætti til að tryggja að það sé á hverjum tíma ekki verulega frábrugðið bókfærðu verði. Gerð er grein fyrir gangvirðismati fasteigna í skýringu 14. Fjárfestingarfasteignir eru færðar á gangvirði. Um gangvirði þeirra er fjallað í skýringu 15.

Skuldir við lánastofnanir og aðrar fjárskuldir

Gangvirði skulda við lánastofnanir er vænt framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsteggi. Skuldir við lánastofnanir eru á markaðsvöxtum og því óverulegur munur á bókfærðu verði þeirra og gangvirði á hverjum tíma. Skammtímaskuldir eru ekki núvirtar, því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar.

Skýringar, frh.:

23. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar

	2018	2017
Rekstur		
Veltuhraði vörubirgða í lok tímabils:		
Vörunotkun / meðalstaða vörubirgða á árinu.....	9,04	8,06
Söludagar í viðskiptakröfum:		
Meðalstaða viðskiptakrafna á árinu / seldar vörur og þjónusta.....	22	30
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu.....	33,8%	35,4%
Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu.....	47,7%	45,6%
Sölu kostnaður / framlegð af vörusölu.....	7,0%	9,0%
Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu.....	17,2%	14,5%
Efnahagur		
Veltufjárlutfall: Veltufjármunir / skammtímaskuldir.....	1,11	1,96
Lausafjárlutfall: (Veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir.....	0,58	1,30
Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA.....	3,52	1,38
Eiginfjárlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn.....	33,4%	49,9%
Arðsemi eigin fjár: Afkoma ársins / meðalstaða eigin fjár.....	11,0%	16,1%

24. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við veginn meðalfjölda virkra hluta á árinu. Ekki hafa verið gerðir kaupréttarsamningar við starfsmenn eða gefnir út fjármálagerningar svo sem breytanleg skuldabréf sem kynnu að leiða til þynningar á hagnaði á hlut. Þynntur hagnaður á hlut er því sá sami og grunnhagnaður á hlut.

	2018	2017
Hagnaður ársins.....	2.058.669	2.070.967
Hlutfé í ársbyrjun.....	250.000	250.000
Áhrif hækkunar hlutafjár.....	26.594	0
Vegið meðaltal útistandandi hluta.....	276.594	250.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum.....	7,44	8,28

Skýringar, frh.:

25. Nýir reikningsskilastaðar sem ekki hafa tekið gildi

IFRS 16 Leigusamningar gildir fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2019 og síðar og kemur í stað IAS 17 Leigusamningar, IFRIC 4 Ákvörðun um hvort samningur inniheldur leigusamning, SIC-15 Rekstrarleiga - hvatar og SIC-27 Mat á efni viðskipta sem innifela lagalegt form leigusamnings.

IFRS 16 innleiðir eitt leigusamningslíkan fyrir leigutaka. Í því felst að leigutaki færir í efnahagsreikning leigueignir, sem endurspeglar rétt hans til að nýta undirliggjandi eignir, og leiguskuldir, sem endurspeglar skuldbindingar hans til að greiða leigu. Leigutaki færir í rekstrarreikning afskriftir leigueigna og vaxtagjöld af leiguskuldum. Valkvæðar undanþágur frá þessu líkani er hins vegar að finna í staðlinum vegna skammtímaleigusamninga og leigusamninga þar sem verðmæti undirliggjandi eignar er lítið. Meðferð leigusamninga hjá leigusala verður svipuð og samkvæmt nügildandi staðli, þ.e. leigusali mun áfram flokka hvern leigusamning sem annað hvort fjármögnunarleigu eða rekstrarleigu.

Samstæðan mun beita IFRS 16 frá og með 1. janúar 2019 miðað við aðferð uppsafnaðra áhrifa þar sem leigueignir nema sömu fjárhæðum og leiguskuldir þann 1. janúar 2019, án áhrifa á eigið fé 1. janúar 2019 og án þess að breyta samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2018. Samstæðan hefur metið möguleg áhrif og talið er að miðað við þá rekstrarleigusamninga sem samstæðan var leigutaki að í árslok 2018 og þeim forsendum um leigutíma og núvirðingarvexti sem byggt var á muni leigueignir og leiguskuldir þann 1. janúar 2019 nema um 3,8 milljörðum króna. Þessi fjárhæð kann að breytast þegar innleiðingu samstæðunnar á IFRS 16 verður lokið á árinu 2019.

26. Önnur mál

Í júní 2013 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að það hefði ákveðið að hefja markaðsrannsókn á íslenska eldneystismarkaðnum. Um er að ræða nýtt form rannsóknar, sem felur í sér athugun á því hvort grípa þurfi til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem koma í veg fyrir, takmarka eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins beinist því ekki sérstaklega að félaginu sjálfu heldur eldsneystismarkaðnum í heild. Frummatsskýrsla Samkeppniseftirlitsins kom út í nóvember 2015. Hafa markaðsaðilar skilað sjónarmiðum sínum og var í kjölfarið haldin ráðstefna um fram komin sjónarmið. Í kjölfarið gaf Samkeppniseftirlitið út nokkur álit sem beindust að opinberum aðilum ásamt því sem markaðsaðilum var gefinn kostur á að tjá sig um hugsanlega niðurstöðu markaðsrannsóknarinnar.

Festi hf., gerði sátt við Samkeppniseftirlitið dags. 30. júlí 2018 vegna kaupa félagsins á félaginu Hlekk hf. Samkvæmt sáttinni skuldbatt Festi sig m.a. til þess að selja fimm sjálfsafgreiðslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu auk vörumerkisins Dælan. Þann 14. febrúar 2019 náði Festi samkomulagi um sölu Dælunnar og tilgreindra fimm sjálfsafgreiðslustöðva sem samþykkt hefur verið af Samkeppniseftirlitinu. Mun afhending eignanna fara fram 28. febrúar.

Starfspáttayfirlit 2018

	Festi	Hlekkur	Fasteignir	Jöfnunar- færslur	Samtals
Árið 2018					
Rekstrartekjur (sjá sundurliðun í skýr. 6)	43.512.852	15.422.448	0	(3.746)	58.931.554
Aðrar tekjur	402.546	104.991	2.686.709	(2.418.189)	776.058
Heildartekjur starfspáttá	43.915.399	15.527.439	2.686.709	(2.421.935)	59.707.612
Heildarekstrargjöld starfspáttá	(42.103.603)	(14.827.832)	(570.351)	2.421.935	(55.079.852)
EBITDA starfspáttá	1.811.796	699.607	2.116.358	0	4.627.760
Afskriftir starfspáttá	(468.183)	(303.981)	(626.643)	0	(1.398.806)
Matsbreyting fjárfestingafasteigna	0	0	(10.239)	0	(10.239)
Áhrif hlutdeildafélaga	204.875	0	0	0	204.875
Rekstrarafkoma starfspáttá	1.548.489	395.625	1.479.476	0	3.423.590
Hrein fjármagnsgjöld					(947.075)
Tekjuskattur					(417.846)
Hagnaður ársins					2.058.669
31. desember 2018					
Eignir starfspáttá	11.600.157	27.216.664	36.739.425	0	75.556.246
Óskiptar eignir					2.242.828
Eignir samtals					77.799.073
Óskiptar skuldir					51.829.227
Fjárfestingar starfspáttá	517.464	375.339	822.372	0	1.715.175
Afskriftir	(468.183)	(303.981)	(626.643)	0	(1.398.806)

Starfspáttayfirlit 2017

	Festi	Hlekkur	Fasteignir	Jöfnunar- færslur	Samtals
Árið 2017					
Rekstrartekjur (sjá sundurliðun í skýr. 6)	34.608.441	0	0	0	34.608.441
Aðrar tekjur	441.854	0	1.866.691	(1.866.691)	441.854
Heildartekjur starfspátta	35.050.295	0	1.866.691	(1.866.691)	35.050.294
Heildarekstrargjöld starfspátta	(33.015.746)	0	(365.875)	1.866.691	(31.514.930)
EBITDA starfspátta	2.034.549	0	1.500.816	0	3.535.365
Afskriftir starfspátta	(444.979)	0	(561.909)	0	(1.006.889)
Áhrif hlutdeildafélaga	274.905	0	0	0	274.905
Rekstrarafkoma starfspátta	1.864.475	0	938.907	0	2.803.381
Hrein fjármagnsgjöld					(279.688)
Tekjuskattur					(452.726)
Hagnaður ársins					2.070.968
31. desember 2017					
Eignir starfspátta	9.847.699	0	15.008.637	0	24.856.336
Óskiptar eignir					2.800.082
Eignir samtals					27.656.418
Óskiptar skuldir					13.844.638
Fjárfestingar starfspátta	568.423	0	1.956.986	0	2.525.409
Afskriftir	(444.979)	0	(561.909)	0	(1.006.889)

Ársfjórðungayfirlit - óendurskoðað

Rekstur félagsins fyrir árið 2018 greinist þannig á ársfjórðunga:

	1. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur	2018 Samtals
Sala	7.983.187	10.931.549	17.486.413	22.530.405	58.931.554
Kostnaðarverð seldra vara	(5.993.878)	(8.073.436)	(13.487.094)	(17.672.741)	(45.227.149)
Framlegð af vörusölu	1.989.309	2.858.113	3.999.319	4.857.664	13.704.405
 Aðrar rekstrartekjur	 105.504	 123.584	 176.608	 370.362	 776.058
 Laun og annar starfsmannakostnaður	 (1.094.175)	 (1.237.296)	 (1.593.094)	 (2.607.141)	 (6.531.706)
Sölukostnaður	(190.993)	(218.261)	(306.474)	(242.656)	(958.383)
Annar rekstrarkostnaður	(409.121)	(449.166)	(655.110)	(849.217)	(2.362.614)
	<u>(1.694.289)</u>	<u>(1.904.723)</u>	<u>(2.554.678)</u>	<u>(3.699.014)</u>	<u>(9.852.703)</u>
 Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði	 400.524	 1.076.974	 1.621.249	 1.529.012	 4.627.760
Afskriftir	(247.869)	(254.368)	(308.227)	(588.342)	(1.398.806)
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	0	0	10.951	(21.190)	(10.239)
 Rekstrarhagnaður	 152.655	 822.606	 1.323.973	 919.480	 3.218.715
 Fjármunatekjur	 23.278	 16.436	 29.434	 82.820	 151.968
Fjármagnsgjöld	(102.724)	(107.128)	(272.209)	(673.820)	(1.155.881)
Gengismunur	(13.781)	42.686	19.535	24.194	72.634
Áhrif hlutdeildarféлага	29.518	29.142	115.691	30.524	204.875
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	(214)	(2.228)	(13.353)	(1)	(15.796)
	<u>(63.923)</u>	<u>(21.092)</u>	<u>(120.902)</u>	<u>(536.283)</u>	<u>(742.200)</u>
 Hagnaður fyrir tekjuskatt	 88.732	 801.514	 1.203.071	 383.198	 2.476.515
Tekjuskattur	(12.303)	(129.822)	(220.018)	(55.703)	(417.846)
 Hagnaður tímabilsins	 76.429	 671.692	 983.053	 327.495	 2.058.669
 Önnur heildarkoma Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, en verða síðar færðir í rekstrarreikning: Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags	 (15.428)	 9.609	 20.830	 18.286	 33.297
Önnur heildarkoma samtals	(15.428)	9.609	20.830	18.286	33.297
 Heildarafkoma tímabilsins	 61.001	 681.301	 1.003.883	 345.781	 2.091.967
Grunnhagnaður og þýntur hagnaður á hlut í krónum	 0,31	 2,69	 3,16	 1,00	 7,44

Ársfjórðungayfirlit - óendurskoðað

Rekstur félagsins fyrir árið 2017 greinist þannig á ársfjórðunga:

	1. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur	2017 Samtals
Sala	6.977.970	8.897.383	10.591.794	8.141.294	34.608.441
Kostnaðarverð seldra vara	(4.917.454)	(6.450.623)	(7.537.557)	(5.714.634)	(24.620.267)
Framlegð af vörusölu	2.305.243	2.446.761	3.054.237	2.426.660	9.988.173
Aðrar rekstrartekjur	102.757	98.732	92.546	147.819	441.854
Laun og annar starfsmannakostnaður	(1.065.124)	(1.178.497)	(1.109.297)	(1.201.185)	(4.554.103)
Sölu­kostnaður	(215.915)	(270.584)	(232.945)	(175.746)	(895.190)
Annar rekstrarkostnaður	(361.229)	(328.157)	(395.236)	(360.747)	(1.445.369)
	(1.886.995)	(1.777.238)	(1.737.478)	(1.737.678)	(6.894.663)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði	521.005	768.254	1.409.305	836.800	3.535.365
Afskriftir	(242.962)	(242.331)	(248.133)	(273.463)	(1.006.889)
Rekstrarhagnaður	278.044	525.923	1.161.172	563.337	2.528.476
Fjármunatekjur	25.189	13.282	16.517	36.226	91.215
Fjármagnsgjöld	(97.171)	(101.491)	(97.849)	(101.841)	(398.352)
Gengismunur	9.201	(16.197)	20.129	10.201	23.334
Áhrif hlutdeildarféлага	49.723	104.982	82.778	37.422	274.905
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	4.163	(588)	689	(149)	4.115
	(8.895)	(13)	22.266	(18.141)	(4.783)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	269.148	525.910	1.183.438	545.196	2.523.693
Tekjuskattur	(44.205)	(84.705)	(220.741)	(103.075)	(452.726)
Hagnaður tímabilsins	224.944	441.205	962.697	442.122	2.070.967
Önnur heildarkoma					
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, en kunna síðar færðir í rekstrarreikning: Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags	6.185	(23.115)	27.447	575	11.092
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, og verða ekki færðir í rekstrarreikning: Endurmat rekstrarfjármuna (bakfært)	0	0	0	(115.288)	(115.288)
Tekjuskattur af endurmati rekstrarfjármuna	0	0	0	23.058	23.058
Önnur heildarkoma samtals	6.185	(23.115)	27.447	(91.655)	(81.139)
Heildarafkoma tímabilsins	231.129	418.090	990.143	350.466	1.989.828
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum	0,90	1,76	3,85	1,77	8,28

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn

Stjórnarhættir Festi eru markaðir af starfsreglum stjórnar, samþykktum félagsins og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Gildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar á stjórnarfundum þann 9. apríl 2013. Reglurnar eru settar samkvæmt ákvæðum í 4. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 2. mgr. 17. gr. samþykktu félagsins. Í samþykktum er kveðið á um tilgang félagsins, hlutafé þess, hluthafafundi, stjórn, forstjóra, reikningshald og endurskoðun. Núverandi starfskjarastefna Festi (áður N1) var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 23. mars 2015. Stefnan nær til starfskjara stjórnarmanna, forstjóra og æðstu stjórnenda félagsins.

Starfsreglur stjórnar, samþykktir félagsins og upplýsingar um starfskjarastefnu eru aðgengilegar á vefsíðu Festi, www.Festi.is/fjarfestatengsl. Festi fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu 2015, sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Iceland og Samtökum atvinnulífsins, að öllu leyti nema:

- Stjórnarháttayfirlýsingin inniheldur ekki greiningu á umhverfispáttum og félagslegum þáttum sem nauðsynlegir eru til að skilja þróun, árangur og stöðu félagsins

- Stjórnarháttayfirlýsingin inniheldur ekki upplýsingar um helstu þætti í árangursmati stjórnar sem hefur farið fram. Stjórn FESTI fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Samskipti stjórnar og hluthafa fara fram á hluthafafundum. Stjórnarmenn í félaginu eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki við fyrirmælum frá hluthöfum félagsins eða öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnarmenn gæta jafnframt trúnaðar í störfum sínum og veita ekki hluthöfum upplýsingar um rekstur eða starfsemi félagsins nema slíkt sé kynnt á vettvangi stjórnar.

Stjórn FESTI hf. er skipuð fimm stjórnarmönnum sem kjörnir eru árlega á aðalfundi. Margrét Guðmundsdóttir er formaður stjórnar og hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2011 og hefur verið formaður frá árinu 2012. Kristín Guðmundsdóttir tók sæti í stjórn árið 2011, Björgólfur Jóhannsson, Guðjón Karl Reynisson og Þórður Már Jóhannesson tóku sæti í stjórn á árinu 2018. Í stjórn Festi hf. eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnar sem tóku gildi 1. september 2013. Stjórnarmenn eru með fjölbreytta menntun og hafa víðtæka reynslu úr atvinnulífinu.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega til stjórnarinnar að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Samþykktum félagsins má einungis breyta með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á löglegum hluthafafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst.

Stjórnarhættir

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru árlega. Í þeim er að finna skilgreiningu á valdsviði stjórnar og verksviði stjórnar gagnvart forstjóra. Í reglunum er meðal annars að finna ákvæði um skipan stjórnar, samskipti við hluthafa, boðun funda og ályktunarhæfni, fundargerðir og innihald þeirra, reglur um þagnar- og trúnaðarskyldu stjórnarmanna og reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála. Stjórn kys sér formann og varaformann ásamt því að skipa nefndarmenn undirnefnda. Stjórnarfundur skal halda svo oft sem þörf krefur og að jafnaði eigi sjaldnar en mánaðarlega. Fundarstaður félagsstjórnar er í höfuðstöðvum Festi hf. að Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi. Formaður stjórnar fundum félagsstjórnar. Forstjóri á sæti á fundum félagsstjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilfellum. Stjórn félagsins ákveður meðal annars starfskjör forstjóra og hittir endurskoðendur reglulega. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.

Stjórn og stjórnarhættir, frh.

Til að tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar ásamt rýni fyrir einstakar deildir er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins. Til staðar eru verklagsreglur til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu og rekstrarkostnaði ásamt fleiri liðum sem hafa áhrif á rekstur félagsins. Áhættustýring er yfirfarin reglulega til að endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur. Rekstraráhættu er mætt með því að hafa eftirlit með viðskiptum og fylgni við lög. Stjórn hefur sett stefnu um eiginfjárstýringu til að eiginfjárstaða félagsins sé sterk og styðji við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Allir stjórnarmenn hafa lagt fram persónulegar upplýsingar svo hægt sé að leggja mat á hæfi þeirra er varðar stjórnarsetu í öðrum félögum, eignarhluti í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila og möguleg hagsmunatengsl. Allir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess.

Starfskjaranefnd

Stjórn hefur skipað starfskjaranefnd. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um starfskjör stjórnarmanna og stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin jafnframt fylgjast með að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan ramma starfskjarastefnu félagsins og gefa stjórn skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund. Stjórn félagsins skal kjósa tvo menn til setu í starfskjaranefnd. Skal annar nefndarmaður af tveimur vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Í starfskjaranefnd má hvorki forstjóri félagsins né annar starfsmaður eiga sæti. Óháðir stjórnarmenn mega eiga sæti í starfskjaranefnd. Haft skal að leiðarljósi að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda. Starfskjör nefndarmanna skulu ákveðin á aðalfundi. Í starfsreglum stjórnar skal kveðið á um störf nefndarinnar. Í starfskjaranefnd sitja Margrét Guðmundsdóttir stjórnarformaður og Guðjón Karl Reynisson.

Endurskoðunarnefnd

Stjórn Festi hf. hefur skipað endurskoðunarnefnd fyrir félagið í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Í henni skulu sitja eigi færri en þrír nefndarmenn og skal meirihluti þeirra vera óháður Festi hf. Nefndin skal skipuð til eins árs í senn á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund. Meirihluti nefndarmanna skal vera stjórnarmenn Festi hf. og stjórn félagsins skal tilnefna formann. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Starfskjör nefndarmanna skulu ákveðin á aðalfundi. Nefndinni er ætlað að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og mat á störfum endurskoðenda til að tryggja frekara öryggi og vönduð vinnubrögð við endurskoðunina. Samkvæmt reglum um störf nefndarinnar skulu tveir stjórnarmenn valdir í nefndina auk eins utanaðkomandi sérfræðings. Nefndin skal halda a.m.k. fjóra fundi á ári og aukafundi þegar formaður telur þörf á því. Í nefndinni sitja þau Kristín Guðmundsdóttir stjórnarmaður, Björgólfur Jóhannsson stjórnarmaður og María Sólbergdóttir endurskoðandi sem er formaður endurskoðananefndar.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.

Endurskoðunarnefnd, frh.:

Hlutverk endurskoðunarnefndar er eftirfarandi:

- Að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits Festi, áhættustýringu og annarra eftirlitsaðgerða.
- Að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings Festi.
- Að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtæki.
- Að meta óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis.

Tilnefningarnefnd

Hjá Festis hf. starfar tilnefningarnefnd, sem hefur það hlutverk að undirbúa og gera tillögur um frambjóðendur við kjör stjórnar félagsins. Tillögur nefndarinnar skulu stefna að því, að stjórnin sé á hverjum tíma þannig samsett að hún búi að fjölbreyttri hæfni þekkingu og reynslu sem nýtist félaginu við stefnumótun og eftirlit í því umhverfi sem félagið starfar í á hverjum tíma.

Tilnefningarnefnd er skipuð þremur mönnum til eins árs í senn. Meirihluti nefndarinnar er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna er miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið, sbr. leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja (hér eftir nefnt „leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“). Í það minnsta einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins.

Tilnefningarnefnd hefur ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum hjá Festi hf. og leggur tillögur sínar fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Í störfum sínum skal nefndin hafa heildarhagsmuni allra hluthafa félagsins að leiðarljósi

Tilnefningarnefnd leggur fram rökstudda tillögu um kosningu stjórnarmanna í félaginu, þar sem m.a. er horft til hæfni, reynslu og þekkingar, m.a. með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Þess skal gætt að tillagan samræmist ákvæðum laga um hlutafélög og samþykktu félagsins um skipan stjórnar.

Tilnefningarnefnd skipa Sigrún Ragna Ólafsdóttir formaður, Tryggvi Pálsson og Þórði Má Jóhannessyni. Fyrirspurnir sendist á netfangið tilnefningarnefnd@festi.is

Fjárfestingarráð

Stjórn hefur skipað fjárfestingarráð til að vinna að greiningum og tillögum stjórnar Festi um fjárfestingar. Í ráðinu sitja Þórður Már Jóhannesson formaður og Eggert Kristófersson.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn Festi er skipuð lykilstarfsmönnum félagsins þar sem hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra.

Tekið skal fram að meðlimir framkvæmdastjórnar Festi eru ekki með kaupréttarsamninga við félagið. Engin hagsmunatengsl eru á milli meðlima framkvæmdastjórnar og helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins sem og stórra hluthafa í félaginu.

Á árinu 2018 voru haldnir 18 stjórnarfundir, 8 fundir í endurskoðunarnefnd og 3 fundir í starfskjaranefnd. Meirihluti stjórnar, endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar hefur mætt á alla fundi. Endurskoðunarnefnd boðar endurskoðendur félagsins á fundi reglulega auk þess sem þeir mæta á stjórnarfundi séu endurskoðuð eða könnuð uppgjör til umfjöllunar.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.

Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Gildi Festi eru:

Virðing – við sýnum starfsmönnum, viðskiptavinum og samfélaginu öllu virðingu.

Einfaldleiki – við erum skýr og einbeitt í öllu okkar starfi.

Kraftur – við erum jákvæð, ákveðin og í forystu á okkar sviði

Það er stefna félagsins að vera í forystu til framtíðar, liður í því er að vera samfélagslega ábyrg. Samhliða ársreikningi verður gefin út samfélagsskýrsla samkvæmt Global Reporting Initiative. Með skipulögðum og viðurkenndum aðgerðum kappkostar Festi að lágmarka umhverfisáhrif frá starfsemi félagsins. Festi fékk Jafnlaunavottun VR þann 19. júní 2015, fyrst olíufélaga. Það staðfestir að hjá okkur er starfsfólki, sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf, ekki mismunað í launum. Árlega leitar fjöldi félagasamtaka, stofnana og einstaklinga til félagsins um stuðning við góð málefni. Festi leggur áherslu og forvarnar- og íþróttastarf.

Siðareglur Festi voru samþykktar 27. janúar 2015. Þær eru birtar á heimasíðu félagsins.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýring félagsins

Reglulegur hluti af starfsemi félagsins er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri fyrirtækisins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur félagsins.

Helstu þætti innra eftirlits og áhættustýringar félagsins er yfirfarnir af stjórn einu sinni á starfsári.

Félagið hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum félagsins.

Hluthafar félagsins

Félagið er hlutafélag og upplýsingar um helstu eigendur þess er að finna á heimasíðu félagsins, www.festi.is.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Starfsemi Festi

Starfsemi Festi hf.

Festi hf. er eignarhaldsfélag sem sérhæfir sig í rekstri félaga sem eru leiðandi í smásölu og sölu á eldsneyti á Íslandi. Hlutverk Festi hf. er að veita rekstrarfélögum stuðning við að uppfylla kröfur viðskiptavina þannig að þau geti áfram verið í farabroddi í þjónustu- og vöruframboði um land allt. Festi hf. er skráð á aðallista NASDAQ OMX Iceland og er eignarhald dreift.

Festi á og rekur fasteignir sem eru samtals 112.000 fermetrar og eru þær lykill að stefnu félagsins. Festi leggur rekstrarfélögum sínum til stoðþjónustu m.a. á sviði fjármála, reksturs og viðskiptaþróunar. Rekstrarfélögin eru:

N1 er með 95 útsölastaði fyrir eldsneyti á bifreiðar ásamt 29 þjónustustöðvum sem bjóða upp á veitingar og hollari skyndibita undir vörumerkinu Nesti. N1 rekur einnig 11 smur- og hjólbarðaverkstæði og eru hjólbarðaverkstæðin öll vottuð samkvæmt gæðakröfum Michelin. Að auki rekur N1 sex fyrirtækjaverslanir víðsvegar um landið.

Krónan rekur 23 verslanir undir merkjum Krónunnar og Kr. Markmið þeirra er að koma réttu vöruúrvali í hendur neytenda á eins ódýran hátt og mögulegt er. Einnig rekur Krónan Kjarval og Nóatún Austurveri, en þar er lögð áhersla á góða þjónustu.

Elko er stærsta raftækjaverslun landsins og rekur fimm verslanir, þar af eina vefverslun. Markmiðið er að bjóða þekkt vörumerki raftækja á lágu verði. Með viðskiptasamningi við Elkjöp er stuðlað að lægsta raftækjaverði á Íslandi.

Bakkinn er vöruhótel sem sérhæfir sig í vöruhúsaþjónustu og dreifingu. Bakkinn leggur áherslu á skilvirkni í þjónustu og hagkvæmni í öllum ferlum.

Samfélagið

Það er stefna Festi hf. að vera í forystu til framtíðar og er samfélagsleg ábyrgð hluti af því. Samfélagsábyrgð skiptir félagið miklu máli. Festi hf. og rekstrarfélög hafa unnið að því að auka samfélagslega ábyrgð í aðfangakeðjum sínum með margvíslegum hætti og byggja hana upp innan allra deilda félagsins. Hún verður sífellt veigameiri í rekstri fyrirtækjanna og nær til allra þátta starfseminnar. Ýmis svið falla undir hugtakið samfélagsábyrgð eins og til dæmis umhverfismál, siðareglur, sanngjarnir starfshættir, samfélagsleg virkni, þróun og tengsl við samfélagið. Við leggjum áherslu á að vinna samkvæmt alþjóðlega vottuðum stöðlum og viðurkenndum aðferðum.

Umhverfið

Félög Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð hafa með ýmsum hætti dregið úr umhverfisspori sínu með markvissri flokkun úrgangs ásamt öðrum aðgerðum. Á fyrri helmingi ársins 2019 verða markmið félaganna birt og mun undirritun loftslagsmarkmiða Festu og Reykjavíkurborgar frá nóvember 2015 meðal annars vera til viðmiðunar.

Loftslagsmarkmið N1 eru að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjafna allt flug og notkun eigin bíla, ásamt því að draga úr óflokkuðum úrgangi um 2% á ári. Stefna fyrirtækisins er að sýna umhverfinu virðingu og leitast við að bjóða umhverfisvænar vörur og þjónustu. N1 leggur sig fram um að valda sem minnstum skaða á umhverfinu með starfsemi félagsins og fylgja viðurkenndum umhverfis-, gæða-, öryggis- og heilsufarsstöðlum. Í samstarfi við ON hafa verið settar upp 10 hraðhleðslustöðvar á N1 starfsstöðvum víðsvegar um land. Níttján starfsstöðvar N1 eru vottaðar í samræmi við umhverfisstjórnunarstaðalinn ISO 14001 samkvæmt vottorði númer 10 frá Vottun hf.

Krónan hefur sett af stað átakið *Í alvöru* sem snýst um að minnka notkun plastburðarpoka í verslunum fyrirtækisins. Með því að velja orkusparandi búnað í nýbyggingum og endurnýjun verslana Krónunnar er áætlað að draga orkuneyslu saman um 25-50%. Krónan vinnur einnig að verkefnum sem miða að minnkun matarsóunar og minnkaði slík sóun í verslunum um rúmlega 53% fyrsta árið. Næstu skref eru umhverfisvænni umbúðir og plastpokalausar verslanir.

Starfsfólk

Öll rekstrarfélög Festi hf. hafa markað sér starfsmanna- og jafnlaunastefnu sem endurspeglar þá staðreynd að einn mikilvægasti auður félagsins er fólgin í starfsfólkinu, þekkingu þess og færni. Félagin eru með jafnlaunavottun í samræmi við IST 85:2012 sem gefin er út af BSI á Íslandi fyrir N1 hf. en Vottun hf. gaf út vottorð númer 85-3 fyrir Krónuna, Nóatún, ELKO og Bakkann. Á árinu 2019 verður unnið að samræmingu. Stefna Festi hf. og rekstrarfélaga er að laða að og halda í hæft og traust starfsfólk. Það er gert með því að skapa því gott og hvetjandi starfsumhverfi, efla það og styrkja með markvissri þjálfun og starfsþróun. Lögð er áhersla á að starfsfólk þekki hlutverk, stefnu og gildi félagsins í því skyni að ná betri árangri.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Spilling og mútur

Við berum virðingu fyrir þeim áhrifum sem félagið okkar hefur á samfélagið allt og leggjum áherslu á að stunda heilbrigða viðskiptahætti. Okkur er ljóst að orðspor Festi hf. og rekstrarfélaga er ein dýrmætasta eign félagsins. Siðareglur N1 gilda um alla starfsemi Festi hf. og rekstrarfélaga og alla starfsmenn og stjórn félagsins, sem og þá verktaka, sem sinna verkefnum fyrir það. Siðareglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu N1, www.n1.is. Siðareglur N1 verða endurskoðaðar og gefnar út af Festi hf. á fyrri hluta ársins 2019.

Staða og árangur

Til að gera betur grein fyrir raunverulegri stöðu samfélagslegrar ábyrgðar N1 hefur verið gefin út GRI G4 „Core“ skýrsla um samfélagslega ábyrgð frá árinu 2015. Á þessu verður breyting og fyrir árið 2018 verður gefin út skýrsla um ófjárhagslega mælikvarða í samræmi við EGS viðmið Nasdaq fyrir öll félög Festi eins og fyrirliggjandi upplýsingar leyfa, og hún birt með ársskýrslu fyrir 2018.

Á árinu 2019 mun Festi hf. undirrita UN Global Compact. Á fyrsta ársfjórðungi 2019 hefst vinna við að hvert félag móti sín markmið í samfélagsábyrgð og samsvari þau við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDG). N1 var eitt af 104 fyrirtækjum sem undirrituðu loftslagsmarkmið Festu og Reykjavíkurborgar í nóvember 2015 og munu markmið félaganna meðal annars taka mið af þeirri undirritun.

N1 fékk sérstök verðlaun Creditinfo fyrir samfélagsábyrgð fyrirtækisins 2017. N1, Krónan og Elko fengu viðurkenningu Creditinfo, Framúrskarandi fyrirtæki árið 2018.